

**Bakkavör**  
Skoðar  
Bandaríkin



**Ný lög um verðbréfavíðskipti**  
Upplýsingaskylda  
hert



**Listaverkasafnarinn Bragi**  
Nýtur góðs af  
gósentíð



**GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON**  
Guðmundur, sem er forstöðumaður ársreikningaskrár, segir nokkurn tíma taka að vinna úr umsóknunum sem borist hafa um uppgjör í erlendri mynt. MARKAÐURINN/ANTON

## Margir bætast við á síðustu dögum

Í dag rennur út umsóknarfrestur fyrirtækja til ársreikningaskrár vilji þau á næsta ári færa reikninga sína í erlendri mynt.

Meðal fyrirtækja sem ætla að fara þessa leið og gera upp í evrum er Kaupþing, stærsta fyrirtæki sem hér er skráð í Kauphöll, en bankinn ætlar að auki að sækja til hluthafa heimild til að færa hlutafé sitt í evrum.

Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður ársreikningaskrár, segir nokkurn tíma taka að fara yfir umsagnir, en þær berist gjarnan margar síðustu dagana áður en frestur rennur út. - óká

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Fjórtán milljarðar** | Hagnaður Kaupþings á þriðja ársfjórðungi var rúmí fjórtán milljarðar króna. Forstjóri Kaupþings segir óróa á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum hafa haft áhrif á afkomuna.

**Miklar skuldir** | Heildarútlán til heimila námu tæplega 804 milljörðum króna í lok september.

**Selja Atlanta** | Eimskip hefur samið um sölu meirihluta hlutfjár Air Atlanta. Félaginu hefur verið skipt upp í tvær einingar.

**Einfalt mál** | Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir einhliða upptöku evrunnar frekar einfalt mál. Hins vegar væri óráð að skipta yfir í evru í því pensluástandi sem ríkir nú á Íslandi.



**SPRON sveiflast** | Miklar sveiflur hafa verið á gengi SPRON. Fyrstu þrjú viðskiptadaga félagsins lækkaði gengið verulega en tók að snúast í lok síðustu viku.

**Dýr stefna** | Vaxtastefna Seðlabankans hefur kostað sjávarútveginn 80 milljarða króna á síðustu fjórum árum, að mati LÍÚ.

**Verulegur viðsnúningur** | Skipti, móðurfélag Símans, skilaði 3,3 milljarða króna hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins. Það er mikill viðsnúningur miðað við sama tímabil í fyrra. Þá tapaði félagið 3,1 milljarði króna.

**Nota evrur** | Kaupþing tilkynnti í vikunni að bankinn muni gera upp í evrum frá og með næstu áramótum. Þá ætlar stjórn bankans að leggja það til á hluthafafundi að hlutafé bankans verði líka skráð í evrum.

# Hafa keypt fyrirtæki upp á 544 milljarða


Viðskiptabankarnir þrír hafa eytt sem svarar 544 milljörðum króna í helstu fyrirtækjakaup og samruna í útlöndum. Kaupþing á 78 prósent upphæðarinnar.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Viðskiptabankarnir þrír hafa eytt sem svarar 544 milljörðum króna í helstu fyrirtækjakaup og yfirtökum í vexti sínum utan landsteinanna síðustu ár. Til samanburðar má nefna að heildarskuldir heimilanna við bankakerfið vegna húsnæðiskaupa voru heldur lægri en sú upphæð í lok september. Þá námu þær rúmum 458 milljörðum króna, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands.

Ljóst er að Kaupþing er langstórtækastur bankanna í kaupum og yfirtökum, en hann ber ábyrgð á 78 prósentum upphæðarinnar, eða rúmum 426 milljörðum króna miðað við gengi evru í gær. Þannig liggur við að af hverjum fimm krónum sem bankarnir hafa eytt í útrásina hafi Kaupþing borgað fjórar.

Kostnaður Kaupþings skiptist þannig að þrír milljarðar evra eru til komnir vegna kaupanna á hollenska bankanum NIBC. Singer & Friedlander kostaði bankann svo nálægt 800 milljónum evra, FIH í Danmörku kostaði einn milljarð evra og JP Nordiska litlar 100 milljónir evra. Samtals gera þessi kaup 4,9



milljarða evra, eða sem svarar 426 milljörðum króna.

Að baki tölum Landsbankans liggja svo meðal annars kaup á Heritable Bank, Teather & Greenwood, Kepler Securities, Merrion Capital og Bridgewell. Að baki kostnaðar Glitnis má svo meðal annars finna KredittBanken, BN Bank, Factor-Nor, Norse Securities og Union Group í Noregi, norræna fjármálafyrirtækisins Fischer Partners og FIM Group.

Kaupþing er sagt njóta þess í útrás sinni að hafa farið af stað í þann víking fyrstur íslenskra banka auk þess sem hann hafi einnig verið stórtækari í kaupum en hinir til þessa. Landsbankinn hefur kostað langminnstu til útrásarinnar til þessa en Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri bankans, segir ekki loku fyrir það skotið að bankinn muni gerast stórtækari í kaupum síðar meir. „Munurinn á starfsemiinni í dag og því sem áður var er ævintýralegur og við eðlilega betur í stakk búin að gera stærri hluti en áður,“ segir hann í úttekt í miðopnu Markaðarins. Þar kemur einnig fram að Glitnir nýtur mestrar sérstöðu í vali sínu á leið til vaxtar úti í hinum stóra heimi með svokallaðri syllumarkaðssetningu. Sjá úttekt síðu 8

## Peningamarkaðssjóðir vaxa hratt

Einstaklingar hafa í auknum mæli nýtt sér peningamarkaðssjóði bankanna fremur en að geyma fjármuni á hefðbundnum banka- og tékkareikningum.

Peningamarkaðssjóðir viðskiptabankanna hafa sprungið út eftir aldamótin en fjármagn í þeim er um 500 milljarðar króna. Elsti sjóðurinn er tólf ára gamall en peningamarkaðssjóðum í erlendri mynt hefur vaxið ásmegin síðustu ár en þeir standa í rúmum 57 milljörðum króna í dag.

Sjóðsstjórar Glitnis, Kaupþings og Landsbankans segja einstaklinga og fyrirtæki hafa í auknum mæli nýtt sér sjóðina til ávöxtunar til mislangs tíma, þó iðulega skemmri, enda gefa þeir

áhættulitla en góða ávöxtun, allt upp undir fimmtán prósent á ársgrundvelli. Útrás íslensku fyrirtækjanna skýrir að einhverju leyti vöxt peningamarkaðssjóðanna í erlendri mynt þótt nokkuð sé um að einstaklingar hafi tekið sér þar stöðu og ávaxtað pund sitt með gengismun.

Sjóðsstjórnarnir eru á einu máli um að peningamarkaðssjóðirnir þyki betri kostur nú en sveiflukennid hlutabréfa- og vísitölusjóðir enda hreyfist þeir lítið og ávöxtunin yfirleitt góð. Þá hafa

fjöldmargir nýtt sér þennan kost til að geyma fé sitt til lengri eða skemmri tíma, svo sem þegar þeim áskotnast mikið fjármagn sem þeir vita ekki hvað á að gera við og kjósa því fremur að láta peningana vinna inni í sjóði en á hefðbundinni bankabók eða tékkareikningi þar sem vextir eru talsvert lægri. Íslensk stórfyrirtæki hafa svo í auknum mæli nýtt sér peningamarkaðssjóðina sem lausafjárstýringartæki.

- job / sjá síðu 12

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjalddeyriseikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,8%\*

GBP 5,8%\*

DKK 4,3%\*

USD 4,6%\*

CAD 4,5%\*

EUR 3,8%\*



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsinga og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. sept. – 30. sept. 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	0,2%	64,5%
Bakkavör	0,2%	5,6%
Exista	-0,1%	45,1%
FL Group	-2,4%	-3,5%
Glitnir	0,2%	19,5%
Eimskipafélagið	0,0%	30,2%
Icelandair	-6,2%	-9,4%
Kaupþing	0,9%	33,3%
Landsbankinn	0,7%	66,8%
Straumur	-3,5%	9,8%
Teymi	0,2%	17,6%
Össur	-0,5%	-8,0%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Búist við óbreyttum stýrivöxtum

Seðlabankinn greinir á morgun frá vaxtaákvörðun sinni. Stýrivextir bankans eru nú 13,3 prósent og hafa verið óbreyttir um nokkurt skeið. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í byrjun september, þegar síðast var tilkynnt um stýrivexti bankans, að samkvæmt verðbólguþá bankans frá því í sumar benti fátt til þess að vextirnir yrðu lækkaðir fyrir en á næsta ári. Greiningardeild Kaupþings sagðist á dögnum gera ráð fyrir því að stýrivextir færu ekki að lækka fyrir en í maí. Þá yrði vaxtalækkunarferlið skammvinnu og grunnt og vextir tækju að hækka á ný á þarnaæsta ári. Greining Glitnis gerir ráð fyrir svipuðu ástandi í þjóðarhagsþá sinni sem birt var fyrir hálfum mánuði, Greiningardeild Landsbankans gerir í stýrivaxtaþá sinni sem birt var í lok september sömuleiðis ekki ráð fyrir að stýrivextir lækki fyrir en eftir



Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA) ræðast við á ársfundum Seðlabankans fyrir á þessu ári. SA hafa harðlega gagnrýnt Seðlabankann fyrir að halda hér uppi of háum vöxtum.

MARKAÐURINN/ANTON

áramót. Síðan verði vöxtunum haldið í 9,5 prósentum árin 2009-2010.

- ikh

## Skipti kaupa danskt félag

Skipti, móðurfélag Símans, hafa skrifað undir samning um kaup á öllu hlutafé í danska fjarskipta-fyrirtækinu Ventelo A/S. Kaupverð er trúnaðarmál.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Brynjólfi Bjarnasyni, forstjóra Skipta, að Ventelo stöðji vel við stefnu Skipta um vöxt á erlendum markaði. Eitt lykilmarkmið Skipta sé að ná sterki stöðu í fjarskiptaþjónustu við smærri og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum og í Bretlandi, ásamt því að fylgja eftir útrás íslenskra fyrirtækja.

- hhs

## Þóknunatekjur Glitnis vaxa

Glitnir skilaði rúmum tíu milljörðum króna í hagnað á þriðja ársfjórðungi.

Glitnir hagnaðist um 10,4 milljarða króna fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi 2007 og jókst hagnaðurinn um 0,3 prósent frá sama tímabili í fyrra. Þóknunatekjur bankans jukust um 119 prósent milli sömu ársfjórðunga. Arðsemi eigin fjár var tæp 27 prósent. Það sem af er árinu hefur Glitnir hagnast um rúma þrjátíu milljarða króna.

„Ég er ánægður með hvað tekjur bankans hafa aukist og við sjáum þóknunartekjur vaxa áfram. Ég er ósáttur við hvað vaxtatekjur eru

að vaxa lítið. Heildarútlán jukust um 145 milljarða á seinni hluta fjórðungsins eftir takmarkaðan lánvöxt fyrstu átta mánuði ársins. Ég sé því fram á jákvæðan viðsnúning sem ætti að skila auknum vaxtatekjum á næstu fjórðungum,“ segir Lárus Welding.

Hann er ánægður með hvernig til hefur tekist að samþætta rekstur Glitnis og dótturfélaga. Bankinn hafi fjárfest mikið í fólki sem muni skila sér í betri afkomu í framtíðinni. Fyrir vikið hefur kostnaðarhlutfall í rekstri bankans hækkað en Lárus segir að það hlutfall muni lækka þegar fram líður.

Lárus segir óróa á mörkuðum ekki hafa haft teljandi áhrif á reksturinn þennan ársfjórðung. Í rauninni hafi Glitnir verið að taka hagnað af hlutabréfastöðum og

**LÁRUS WELDING**  
Forstjóri átti annasaman dag í gær þegar hann kynnti uppgjör Glitnis.



eignum fyrir rúma fimm milljarða. Niðurfærsla á lausafjár-afninu nemi 1,8 milljörðum króna en eitthvað af því muni ganga til baka.

„Við höfum sýnt að við getum náð í fjármagn á markaði og erum ánægð með það. Við erum með sterka lausafjárstöðu og erum að ná að fjármagna bankann á mjög ásættanlegan hátt,“ segir Lárus aðspurður um fjármögnun bankans næstu vikurnar.

- bg

### HAGNAÐUR Á HLUT Í GLITNI BANKA

Tímabil	Upphæð
júl-sept 2007	0,55 kr.
júl-sept 2006	0,62 kr.



## ÖRUGG LEIÐ Í FJÁRFESTINGUM

Sérfræðingar Glitnis hafa sett saman þrjár leiðir til fjárfestingar með áskrift. Örugga leiðin er ein af þeim. Hún hentar þeim sem vilja taka frekar litla áhættu í fjárfestingum.

ÖRUGGA LEIÐIN\*

▶ **12,9%**

ÞINN ÁVINNINGUR

- Góð ávöxtun
- Mikil áhættudreifing
- Óbundin eign
- Eign þín í umsjá sérfræðinga

\*Samsett úr Sjóði 1, Sjóði 6 og Heimssafni. Þessir sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingar og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útubúum Glitnis eða á [www.glitnir.is/sjodir](http://www.glitnir.is/sjodir). Miðað er við nafnvöxtun ofangreindra leiða á tímabilinu 10.8.2002–10.8.2007.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [WWW.GLITNIR.IS](http://WWW.GLITNIR.IS) EÐA Í SÍMA 440 4900

**GLITNIR**



HLAUPARI OG FORSTJÓRI Myndin var tekin í fyrrihaust þegar suðurafriki hlauparinn Oscar Pistorius og Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, handsöluðu styrktarsamning.

MARKAÐURINN/GVA

## Danskur lífeyrissjóður kaupir hlut í Össuri

Hlutafjárútboði Össurar þar sem safnað var 60 milljónum dala lauk á nokkrum klukkustundum í gær.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Hlutafjárútboði Össurar sem hófst í gær og átti að ljúka í dag lauk á nokkrum klukkustundum. „Útboðið gekk mjög vel og stóru tíðindin voru kannski þau að ATP, stærsti og virtasti lífeyrissjóður Dana, keypti í einu lagi 42 prósent af útboðinu,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar.

Jón segir útboðið hafa verið upp á 60 milljónir Bandaríkjadala, sem nemur um 3,6 milljörðum króna, og hugsað til að styrkja fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í tilkynningu til Kauphallar í gær kemur fram að á stjórnarfundum 29. þessa mánaðar hafi verið samþykkt að hækka hlutafé Össurar um sem nemur allt að 10 prósentum af heildarhlutafé til takmarkaðs hóps fagfjárfesta. Nýju hlutirnir verða í kjölfarið teknir til viðskipta í OMX Kauphöll Íslands. Kaupþing annaðist hlutafjárútboði fyrir Össur.

„ATP er aðallífeyrissjóður Dana og eini opinberi lífeyrissjóðurinn þar í landi,“ segir Jón og bendir á að aðkoma sjóðsins að Össuri sé þvert á umtal sem verið hafi um íslensk fyrirtæki, útrás þeirra og íslenskt efnahagslíf í Danmörku undanfarið meðal bæði banka og greining-

araðila. Hann segir hins vegar ljóst að ATP hlaupi ekki út í fjárfestingar að óathuguðu máli. „Þeir eru búnir að fylgjast með okkur lengi.“

Útboðið bar upp á sama dag og Össur kynnti uppgjör eftir þriðja ársfjórðung, en viðsnúningur hefur orðið í rekstri fyrirtækisins frá því á fyrri hluta ársins. Jón segir endurskipulagningu í sölukerfi í Bandaríkjunum vera að skila sér og að góð sala í Evrópu hafi stuðlað að bættu gengi. Á þriðja ársfjórðungi nemur hagnaður til hluthafa Össurar 2,1 milljón Bandaríkjadala, um 126 milljónum króna, og er það heldur yfir spá greiningardeildar Glitnis sem gerði ráð fyrir 1,5 milljónum dala. Kaupþing spáði hins vegar hagnaði upp á 900 þúsund dali og Landsbankinn tapi upp á 7,5 milljónir dala.

„Uppgjörið er í samræmi við væntingar okkar og það sem við höfum sagt markaðnum. Við fórum í gegnum gríðarlega endurskipulagningu á sölukerfinu í Bandaríkjunum í byrjun ársins og sjáum núna fram á bata þar eftir að hafa orðið fyrir truflun á starfsemiinni.

Við fórum í sambærilega endurskipulagningu í Evrópu í fyrra og núna gengur líka mjög vel þar,“ segir Jón Sigurðsson.



# Þegar innihaldið skiptir öllu máli verður umgjörðin að vera fullkomin

**Viðskiptastjórar fyrirtækjaþjónustu SPRON einbeita sér að því að veita framúrskarandi þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki.**

Gullfyrirtækjaþjónusta SPRON er sérsniðin, persónuleg þjónusta fyrir fyrirtæki sem vilja viðtæk fríðindi, betri kjör og stuttar boðleiðir í bankaviðskiptum sínum.

## **Kynntu þér kosti**

Gullfyrirtækjaþjónustu SPRON

Nánari upplýsingar veita viðskiptastjórar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200 eða á [spron.is](http://spron.is)

75 ára



## Sér ekki til botns

Fasteignaverð lækkaði um fjögur til fimm prósent á milli mánaða í ágúst í Bandaríkjunum, samkvæmt markaðsrannsóknarfyrirtæki sem heldur utan um þróun á fasteignamarkaði vestanhafs. Þetta er áttundi mánuðurinn í röð sem fasteignaverð lækkar.

Robert Shiller, hagfræðingur við Yale-háskóla, sem kom að



**HÚS TIL SÖLU Í BANDARÍKJUNUM** Bandarískur hagfræðingur segist ekki sjá fyrir endann á lækkanuferli á fasteignamarkaði. Markaðurinn/AFP

rannsókninni á stöðu fasteignamarkaðarins, segir ástandið enn geta versnað. „Það er fátt jákvætt í farvatninu og vart sjái til botns í málinu,“ segir hann en þrengingar á bandarískum fasteignamarkaði er rótin að óróleika á fjármálamörkuðum á heimsvísu undanfarna mánuði. - jab

## Reikna með vaxtalækkun vestanhafs

Bjartsýni gætir á bandarískum hlutabréfamarkaði þrátt fyrir döpur uppgjör.

Bankastjórn seðlabanka Bandaríkjanna settist niður til tveggja daga vaxtaákvörðunarfundar í gær en hún mun tilgreina um ákvörðun sína síðar í dag.

Fjármálaskýrendur eru flestir á því að bankastjórnin ákveði að lækka stýrivexti um fjórðung úr prósentu vegna vísbendinga um frekari þrengingar í efnahagslífinu, ekki síst í fjármálageiranum, sem skilað hefur inn slæmum uppgjörum upp á síðkastið.

Bjartsýnustu menn telja hins vegar líkur á allt að 50 punkta lækkun stýrivaxta og benda á að

enn sé innistæða fyrir slæmum fréttum af fasteignalánamarkaði vestanhafs, sem geti höggvið skarð í afkomu lánaþyrirtækja. Gangi spáin eftir fara stýrivextir úr 4,75 prósentum í 4,25 prósent.

Gangi þetta sömuleiðis eftir verður þetta önnur stýrivaxtalækkun bankans frá því Ben Bernanke tók við seðlabankastjórnunum af forvera sínum, Alan Greenspan, í fyrravor. - jab

**BEN BERNANKE** Flestir fjármálaskýrendur reikna með því að bandarísk seðlabankastjórnin tilkynni um lægri stýrivexti síðar í dag. MARKAÐURINN/AFP



## Baugur og fleiri skoða Saks

Svo getur farið að Baugur geri yfirtökutilboð í bandarísku munaðarvöruslunina Saks á næstunni í félagi við arabísku samstæðuna Landmark Group sem rekur fjölda verslana í Mið-austurlöndum.

Orðrómur hefur verið á kreiki í hálfan mánuð um að Baugur væri ásamt fleirum að skoða yfirtöku á verslanakeðjunni.

Baugur tilkynnti um 8,5 prósentu hlut sinn í Saks, sem rekur 54 verslanir víðs vegar í Bandaríkjunum, þar á meðal flaggskipið við 5. breiðgötu í New York, seint í júlí í sumar. Landmark Group á rúmt prósent. Gengi bréfa í verslanakeðjunni stóð nálægt hæstu hæðum undir lok júlí en dalaði talsvert eftir það samhliða óróleika á hlutabréfamörkuðum. Það stóð í 19,79



**FLAGGSKIP SAKS Á 5. BREIÐGÖTU** Hugsanlegt er að Baugur geri um 180 milljarða króna yfirtökutilboð í munaðarvöruslunina Saks ásamt verslanarisa frá Austurlöndum. MARKAÐURINN/AFP

dölum á hlut við lokun markaða vestanhafs í gær en skaut upp um níu prósent í utanmarkaðsviðskiptum í 21,85 dali á hlut.

Ekkert hefur verið látið uppi um kaupverðið á Saks en breska

blaðið Times segir það geta litið dagsins ljós snemma á næsta ári og muni það nema þremur milljörðum dala, jafnvirði um 180 milljörðum íslenskra króna. - jab



**ÚR EINNI AF VERSLUNUM TESCO** Tesco ætlar að opna sína fyrstu verslun í Bandaríkjunum í næstu viku. Bakkavör, sem gjarnan fylgir landnámi verslunarinnar, er að skoða möguleikana í Vesturheimi. MARKAÐURINN/AFP

## Bakkavör á eftir Tesco?

Bakkavör er að skoða möguleikana á landvinningum í Bandaríkjunum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**  
skrifar

Tvær breskar stórverslanakeðjur sem tengst hafa íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum um árin opna verslanir í Bandaríkjunum á næstunni. Stjórnendur stærsta stórmarkaðar Bretlands-eyja, ætla að opna verslun í Karólínuríki í Bandaríkjunum undir lok næstu viku en breski auðkúfingurinn sir Philip Green, eigandi Arcadia-veidisins, stefnir á að opna fyrstu verslunina undir merkjum Topshop á austurströndinni á næsta ári. Green er sagður ætla sér stóra hluti þar með fatalínu ofurfyrirsætunnar Kate Moss í stefninu en hún sló eftirminnilega í gegn í New York fyrr á árinu.

Jón Ásgeir Jóhannesson átti eins og kunnugt er í viðræðum um kaup á Arcadia-keðjunni ásamt Philip Green og fleirum árið 2002 áður en hann dró sig í hlé. Þá hefur Bakkavör fylgt Tesco eins og skugginn síðustu ár en fyrirtækið selur ferska og tilbúna rétti í verslunum keðjunnar, þó mest í Bretlandi. Haft hefur verið eftir Ágústi Guðmundssyni, stjórnarformanni Bakkavarar, að félagið, sem enn sem komið er hefur enga framleiðslu í Bandaríkjunum, sé að skoða tækifærin í Vesturheimi. Engin ákvörðun hafi hins vegar verið tekin í málinu.

Breska blaðið Telegraph segir

fleiri fyrirtæki frá Bretlandi hafa reynt fyrir sér í Bandaríkjunum með slæmum árangri. Þar á meðal eru Marks & Spencer, Sainsbury's, DSGi, HMV, Laura Ashley og Next sem reyndu hvað þau gátu án árangurs. Til þess að varna því að Tesco og Topshop fari sömu leið hafi stjórnendur keðjanna varið háum fjárhæðum í að grandskoða markaðinn áður en látið var til skarar skriða svo koma megi í veg fyrir að þau endurtaki leikinn.

Á meðal þess sem Tesco og Green ætla sér er tæplega tíu sinnum meiri smásöluverslun í Bandaríkjunum en í Bretlandi. Telegraph hefur eftir stjórnendum beggja verslanakeðjanna að þeir ætli að byrja smátt. „Við ætlum að velja vörurvalið af kostgæfni,“ segir Green í samtali við blaðið en bætir við að stefnan sé fjarri því að taka bandaríska markaðinn yfir. Tvennt kemur sterklega til greina að selja í Bandaríkjunum að hans sögn, fatalína Kate Moss og fót í yfirstærðum fyrir stórar konur.

Terry Leahy, forstjóri Tesco, tekur undir með kollega sínum í blaðinu. Stefan sé ekki sú að opna stórar verslanir heldur margar litlar á vesturströndinni. Verslanirnar verða mun minni í sniðum en risaverslanir Wal-Mart, sem þegar hefur brugðist við samkeppninni og mun þessa dagana skoða möguleikann á því að opna minni verslanir.



HVERNIG GET ÉG ÁVAXTAÐ MITT FÉ ÁN OF MIKILLAR ÁHÆTTU?

Sérfræðingar Glitnis hafa sett saman þrjár leiðir til fjárfestingar með áskrift. Klassíska leiðin er ein af þeim. Hún hentar þeim sem vilja taka frekar litla áhættu í fjárfestingum.

KLASSÍSKA LEIÐIN\*

▶ 16,7%

ÞINN ÁVINNINGUR

- Góð ávöxtun
- Mikil áhættudreifing
- Óbundin eign
- Eign þín í umsjá sérfræðinga

\*Samsett úr Sjóði 1, Sjóði 6 og Heimssafni. Þessir sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingar og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á [www.glitnir.is/sjodir](http://www.glitnir.is/sjodir). Miðað er við nafnávöxtun ofangreindra leiða á tímabilinu 10.8.2002–10.8.2007.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [WWW.GLITNIR.IS](http://WWW.GLITNIR.IS) EÐA Í SÍMA 440 4900

GLITNIR

## gPóstur vistvænn kostur fyrir magnpóstsendingar

**Gutenberg** býður viðskiptavinum sínum upp á **gPóst** – hagkvæma og vistvæna lausn fyrir prentað efni sem dreifa á í miklu magni. Allt ferlið – frá sendanda til viðtakanda á einum stað.



Helsta nýjungin sem gPóstur býður upp á er **umslagalaus póstur**, svokallaðar lokur sem nýta einungis **50% pappírs** sambanborið við hefðbundinn póst í umslagi. Lokurnar er hægt að brjóta og loka á marga mismunandi vegu, auk þess sem hægt er að skjóta inn í þær einblöðungum og bæklingum.

## Tap á skuldavafningum

Tap Kaupþings af svonefndum skuldavafningum á fyrstu níu mánuðum ársins nemur 6,9 milljörðum króna að því er fram kemur í uppgjöri bankans vegna þriðja ársfjórðungs. Engu að síður er hagnaður af verðbréfavíðskiptum bankans á tímabilinu rétt tæpir fimm milljarðar króna og hagnaður hluthafa 60,2 milljarðar króna þegar upp er staðið.

Í umfjöllun greiningardeildar Landsbankans kemur fram að tap vegna skuldavafninga Kaupþings ráðist meðal annars af því að vextir hafi hækkað nokkuð á síðasta fjórðungi. „Varð það til þess að talsvert tap var á stóru skuldabréfasafni sem bankinn á til að tryggja lausafjárstöðu.“ Þá segir greiningardeildin að Kaupþing sé að auki með rúmlega 600 milljónir evra í eignum sem tengist skuldavafningum. - óká

## Íslenskt fjármálalíf útskýrt í London

Ný skýrsla um íslenskt fjármálalíf og ímynd Íslands verður kynnt í London 21. nóvember næstkomandi. Viðstaddur verður forsætisráðherra Íslands auk framámanna í bresku viðskiptalífi sem hafa áhuga á Íslandi. Richard Portes, prófessor við London Business School, er aðalhöfundur skýrslunnar. Hún er skrifuð í samvinnu við þá Friðrik Má Baldvinsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, og Frosta Ólafsson, hagfræðing Viðskiptaráðs.

Í skýrslunni verður meðal annars útskýrt hvað hefur breyst frá því í upphafi árs 2006, þegar óróleiki skók íslenskan fjármálamarkað, og hvernig fjármögnun og upplýsingamiðlun íslenskra banka hefur batnað. Skýrslan verður kynnt á hádegisverðarfundum í London 21. nóvember næstkomandi.

„Eitt af stærstu vandamálum sem við eigum við að stríða hér á Íslandi er að ímynd lands-

ins er mjög lítil. Það þarf litla neikvæða umfjöllun til að setja allt á aðra hliðina hér. Það var nákvæmlega það sem gerðist í ársbyrjun 2006,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Finnur segir margt sérstakt á Íslandi. Þar á meðal sé verðtryggingin, húsnæðislánakerfið, hátt viðskiptahalli og mikil skuldsetning fyrirtækja. „Við þurfum að vera virk í umfjöllun um Ísland og íslenskt viðskipta- og fjármálalíf til að skýra hvernig í þessu liggur. Sumar af þessum hagfræðilegu staðreyndum líta mun eðlilegar út þegar horft er til breytinga á eðli og umfangi íslensks viðskiptalífs á síðustu árum. Til að mynda er skuldsetningin að mestu tilkomin vegna fjármögnunar íslenskra bankastofnana sem að stórum hluta lána svo aftur til útlanda í starfsemi á erlendum vettvangi.“ - hhs



KAUPHÖLLIN Í LONDÚNUM Frá og með mánaðamótum gilda sömu lög um verðbréfavíðskipti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

## Sömu reglur á EES-svæðinu

Fjármálafyrirtækjunum ber samkvæmt nýjum lögum ríkari skylda en áður til að upplýsa almenna fjárfesta áður en þeir hefja verðbréfavíðskipti.

Ingimar Karl Helgason  
skrifar

Ný lög um verðbréfavíðskipti taka gildi á morgun, 1. nóvember. Lögini voru samþykkt á samþingi á grundvelli svonefndrar MiFID-tilskipunar Evrópusambandsins. Í lögum felst meðal annars aukin vernd fyrir viðskiptavinum fjármálafyrirtækja, til dæmis þannig að fjárfestingaráðgjöf verði starfsleyfis skyld og miðist við hag og þarfir hvers og eins viðskiptavinar fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir því að framvegis verði skilið milli þrenns konar fjárfesta: Viðurkenndra gagnaðila, fagfjárfesta og almennra fjárfesta. Ríkar skyldur eru lagðar á herðar fjármálafyrirtækjanna gagnvart hinum síðastnefndu. Til dæmis verða þau að meta þekkingu, fjárhagslegan styrk og reynslu, áður en viðskiptavinum er veitt verðbréfaþjónusta. Viðskiptavinir verði að gera sér grein fyrir áhættu sem fylgir viðskiptunum auk þess sem alltaf verði að gera skriflega samninga um verðbréfaþjónustu. Þá er sérstaklega tekið fram í lögum að viðskiptavinurinn verði að geta borið þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir viðskiptunum.

Einnig er stefnt að því að lögini auki skilvirkni í viðskiptum á fjármálamarkaði, jafnt innan lands sem milli landa á Evr-

ópska efnahagssvæðinu (EES). Lögini eru að mörgu leyti tæknilegs eðlis, en þó felst í þeim sú grundvallarbreyting að frá og með mánaðamótum gilda sömu lög um verðbréfavíðskipti í öllum ríkjum EES.

Fjármálafyrirtæki hafa undanfarnar vikur og mánuði unnið af kappi að því að laga til tölvukerfi sín og verkferla til þess að mæta kröfum nýrra laga. Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir að ætla megi að innleiðingin hafi kostað hundruð milljóna króna. Fjármálaeftirlitið sér um að fylgjast með því að farið verði eftir lögum.

Þeir sem Markaðurinn hefur rætt við eru sammála um mikilvægi laganna og að þau verði tekin inn í íslenskan rétt. Einn viðmælandi nefndi raunar að æskilegra hefði verið að lögini hefðu verið unnin frekar og ekki lögð fyrir Alþingi fyrr en nú í haust.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að fyrirvarinn fram að gildistökunni sé ekki langur en fyrirtækin hafi verið ágætlega upplýst. Þó megi alltaf gera betur. Þeir sem Markaðurinn ræddi við innan bankanna segja að fjármálafyrirtækin vinni að því þessa dagana að upplýsa viðskiptavinum sína og þeir verði vonandi tilbúnir þegar lögini taka gildi.



ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar segir að þótt vel hafi gengið í innleiðingunni megi alltaf gera betur.



## HORFÐU TIL FRAMTÍÐAR Í FJÁRFESTINGUM

Sérfræðingar Glitnis hafa sett saman þrjár leiðir til fjárfestingar með áskrift. Vaxtarleiðin er ein þeirra. Hún hentar þeim sem geta tekið mikla áhættu í fjárfestingum.

VAXTARLEIÐIN\*

▶ 20,5%

ÞINN ÁVINNINGUR

- Góð ávöxtun
- Mikil áhættudreifing
- Óbundin eign
- Eign þín í umsjá sérfræðinga

\*Samsett úr Sjóði 1, Sjóði 6 og Heimssafni. Þessir sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðanna er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingar og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útbúum Glitnis eða á [www.glitnir.is/sjodir](http://www.glitnir.is/sjodir). Miðað er við nafnávöxtun ofangreindra leiða á tímabilinu 10.8.2002–10.8.2007.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [WWW.GLITNIR.IS](http://WWW.GLITNIR.IS) EÐA Í SÍMA 440 4900

GLITNIR



MARKAÐSVAKTIN

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI  
í 14 daga á [www.mentis.is](http://www.mentis.is)

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner



# Stundar þú verðbréfiðskipti?

Þann 1. nóvember 2007 taka gildi ný lög um verðbréfiðskipti sem ætlað er að auka neytendavernd fjárfesta

## NÝJAR REGLUR UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI

- Með nýjum lögum um verðbréfiðskipti er innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (e. Markets in Financial Instruments Directive) eða svokölluð MiFID-tilskipun.
- MiFID-tilskipunin er liður í áætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að setja samræmdar reglur um neytendavernd fjárfesta og skapa sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu.

## AUKIN NEYTENDAVERND FJÁRFESTA

- Markmið nýrra laga er að auka neytendavernd fjárfesta. Lögð er áhersla á auknið eftirlit, faglega framkvæmd og upplýsingagjöf.
- Eftir breytingarnar fá fjárfestar meiri upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum en hingað til. Markmiðið er að skuldbinda fjármálafyrirtæki til að veita fjárfestum þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar, svo að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar.
- Með nýjum lögum verður fjármálafyrirtækjum skylt að afla upplýsinga hjá fjárfestum til að tryggja að þau geti veitt viðeigandi ráðgjöf og þjónustu.

## KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

- Kynntu þér málið betur hjá þínu fjármálafyrirtæki
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) [www.sff.is/mifid](http://www.sff.is/mifid)

# Ólíkar leiðir bankanna

Kaupþing nýtur forskots og áráðis í samanburði á vexti viðskiptabankanna þriggja utan landsteinanna. Óli Kristján slóð og Kaupþing en tekið smærri skref enn sem komið er og er skemmra á veg kominn. Leið Glitnis hefur hins

**A**f viðskiptabönkunum þremur sem hér eiga rætur í bankabjónustu við almennig er Kaupþing langstærst og lengst komið í útrás á erlendri grund. Allir hafa bankarnir þó vaxið hratt og notið mikillar velgengni síðustu ár. Eftirgrenslnan leiðir hins vegar í ljós að bankarnir hafa að nokkru farið ólíkar leiðir í vexti sínum og alþjóðavæðingu. Einnig munar nokkru á því hversu stórtækir þeir hafa verið í fyrirtækjakaupum og yfirtökum, en þar hefur Kaupþing kostað til í stærstu kaupum um 426 milljörðum króna, Glitnir um 80 milljörðum og Landsbankinn tæpum 40 milljörðum.

Snjólfur Ólafsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir Kaupþing njóta þess að hafa byrjað útrás sína á undan hinum bönkunum. „Þeir byrjuðu samt fremur varfærnislega að þreifa sig áfram í Lúxemborg en tóku svo nokkur stór stökk. Keyptu FIH í Danmörku, Singer & Friedlander og eru svo nýbúnir að kaupa NIBC í Hollandi. Þeir eru því með mestan kraftinn í útrásinni þar sem gengur hvað hraðast. Þeir fara þá leið að byrja í nágrannalöndunum og víkka svo út starfsemi sína eftir því sem þeir sjá tækifæri. Kaupþing skilgreindi sig fljótt sem norðurevrópskan banka og leit á starfsvið sitt sem Norðurlönd, Bretland og meginland Evrópu, en er núna sýnist mér næst því að skilgreina allan heiminn sem starfsvettvang og að byrja að þreifa sig áfram á Indlandi og víðar.“

Landsbankinn segir Snjólfur hafa farið svipaða leið og Kaupþing þegar horft sé til þeirra landa þar sem bankinn hefur hafið starfsemi. „Þeir í Landsbankanum fóru inn í Bretland og Norður-Evrópu, en þó með aðeins annarri nálgun.“ Hann segir Landsbankinn hafa minna gert af því að kaupa upp fyrirtæki heldur byggja útrás sína í meiri mæli á innri vexti. „Svo er Landsbankinn eins og Kaupþing líka að stíga sín fyrstu skref á mörkuðum utan Norður-Evrópu, svo sem í Kanada og víðar.“

Leið Glitnis til vaxtar segir Snjólfur svo töluvert frábrugðna leið hinna bankanna. „Glitnismenn byrja á að skilgreina snemma Ísland og Noreg sem heimamarkað og taka svo í samhengi við það að sérhæfa sig í sjávarútvegi, bæði hvað varðar lán og ráðgjöf. Síðan skilgreina þeir aðra sérhæfingu í jarðvarma og eru núna búnir að vera að byggja upp starfsemi víða í heiminum þar sem þeir vinna á þessu sviði, í Bandaríkjunum, Kína og víðar.“

Snjólfur segir hins vegar ekki hægt að gera upp á milli þeirra leiða sem bankarnir hafa valið sér til vaxtar, enda hafi þeim öllum gengið mjög vel. Þá staðreynd að Kaupþing hefur vaxið langmest telur Snjólfur helst skrifast á að bankinn hafi farið fyrir af stað í útrásina þótt vera megi að hann hafi einnig verið ágengari í vexti sínum. Þannig hafi Kaupþing fengið á sig gagnrýni fyrir áhættusækni og fyrir að sækja sér fyrirmyndir til rekstrarforms bandarískra banka. „En margt bendir nú til að það sé gagnrýni byggð á skilningsleysi og þekkingarskortir fremur en öðru.“


Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, rekur velgengni Kaupþings umfram hina bankana hér fyrst til þess að þeir hafi verið fyrstir af stað til að hefja starfsemi á erlendis. „Við höfum unnið á erlendum mörkuðum síðan árið 1995. Settum fyrst upp lítið eignastýringafyrirtæki í Lúxemborg. Settum síðan upp okkar eigið verðbréfafyrirtæki 1998 og fórum í fyrstu yfirtökuna árið 2001 í Finnlandi,“ segir hann og bætir við að allar götur síðan hafi bankinn styrkt sig á mörkuðum sínum. „Á síðasta ári fórum við ekki í neinar yfirtökur heldur einbeittum við okkur að því að samþætta reksturinn, en tilkynntum svo nýlega um mjög stóra yfirtöku í Hollandi, þá langstærstu sem við höfum farið í.“

Hreiðar segir að þótt megnið af tekjum Kaupþings verði til í útlöndum skipti heima-markaður á Íslandi áfram verulegu máli. „Hér höfum við okkar höfuðstöðvar og erlendir fjárfestar líta á okkur að verulegu leyti sem íslenskan banka. Það sem hér gerist skiptir Kaupþing verulegu máli, þannig að við erum íslenskur banki þótt við bendum stöðugt á að við séum í raun norðurevrópskur banki með norðurevrópska áhættu,“ segir hann og bendir á að í fyrri, þegar hér stóðu

nokkrar sviptingar í efnahagslífinu og krónan lækkaði um nálægt 25 prósent og hlutabréfmarkaður um 25 til 30 prósent, hafi Kaupþing náð að skila metaftkomu. „Það sýnir að eins hversu vel okkur hefur tekist að vaxa utan Íslands.“

Í Dubai einbeitir Kaupþing sér að fjárfestingabankastarfsemi og einkabankabjónustu. Hreiðar Már segir markað þar mjög spennandi með um 36 milljónir manna þar sem fimm prósent af auði heimsins sé safnað saman. „Á þessu svæði á sér í dag stað mikil auðöfnun og lausafé er mikið og hefur þar áhrif hátt olíuverð. Að vera eini norræni bankinn sem getur á þessu svæði sýnt aðilum fjárfestingatækifæri á Norðurlöndunum og eins verið ráðgjafi fyrirtækja frá Norðurlöndum og Norður-Evrópu til að fjárfesta í Miðausturlöndum finnst okkur mjög spennandi. Þetta er náttúrulega mikið frumkvöðlastarf og þarna byggjum við upp frá grunni, en við erum búnir að ráða um tíu starfsmenn og vinnum þegar að mörgum spennandi verkefnum.“

## ÚTGJÖLD BANKANNA VEGNA FYRIRTÆKJAKAUPA OG STÆRRI YFIRTAKNA



**SNJÓLFUR ÓLAFSSON**  
Snjólfur, sem er prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir Kaupþing að nokkru hafa orðið fyrir óréttmætri gagnrýni varðandi öran vöxt og fyrirtækjakaup utan landsteinanna. MARKAÐURINN/GVA

### TÍMAÁS Í ÚTRÁS

1998	2000	2001	2002	2003
<p><b>1998</b></p> <p><b>Júní</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing opnar verðbréfafyrirtækið Kaupþing Luxembourg SA.</li> </ul>	<p><b>2000</b></p> <p><b>Janúar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing Bank Luxembourg verður til að fengnu leyfi þarlendrar yfirvalda til bankastarfsemi.</li> </ul> <p><b>Mars</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing opnar skrifstofu í New York í Bandaríkjunum.</li> <li>Kaupþing Föroyar hefur starfsemi í Þórshöfn í Færeyjum.</li> </ul> <p><b>September</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing Stockholm verður til þegar Kaupþing opnar með formlegum hætti útibú sitt í Svíþjóð.</li> </ul> <p><b>Júlí</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landsbankinn kaupir 70 prósent hlut í Heritable Bank í Bretlandi.</li> </ul>	<p><b>2001</b></p> <p><b>Júní</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing opnar í Kaupmannahöfn fjárfestingabankann Kaupþing Danmark.</li> </ul> <p><b>September</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing tilkynnir um kaup á svissneska eignastýringarfyrirtækinu Handsal Asset Management í Genf. Nafni félagsins var svo síðar breytt í Kaupþing Asset Management.</li> </ul>	<p><b>2002</b></p> <p><b>Janúar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing lýkur kaupum á finnska verðbréfafyrirtækinu Sofi, sem nú heitir Kaupþing Bank Oyj.</li> </ul> <p><b>Febrúar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landsbankinn kaupir útstandandi hlutafé í Heritable Bank.</li> </ul> <p><b>Maí</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing lýkur kaupum á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon Holding. Rekstur bankans í Stokkhólmi er sameinaður félaginu.</li> </ul> <p><b>Júní</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing verður stærsti hluthafi JP Nordiska Bank í Svíþjóð með 28 prósent hlut.</li> </ul> <p><b>Október</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing gerir yfirtökutilboð í JP Nordiska sem hluthafar taka. Yfirtakan hlýtur blessun sænskra fjármálayfirvalda í desemberbyrjun sama ár og viðskipti hefjast með bréf bankans í Kauphöllinni í Stokkhólmi.</li> </ul>	<p><b>2003</b></p> <p><b>Febrúar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Einkavæðing bankanna.</li> <li>Kaupþing hefur starfsemi undir heitinu Kaupþing íslenskur banki í Svíþjóð og er einnig festur verðbréfafyrirtækinu A. Síðar breytt í Kaupþing.</li> </ul> <p><b>Mars</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Viðræður hefjast um kaup á Búnaðarbankanum.</li> </ul> <p><b>Apríl</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Landsbankinn kaupir Búnaðarbanki International, sem nú heitir Landsbanki Luxembourg.</li> </ul> <p><b>Maí</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Glitnir/Íslandsbankinn aða stofnun útibú í Svíþjóð og áður opnað útibú í Lúxemborg.</li> </ul> <p><b>September</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kaupþing gerir yfirtökutilboð í JP Nordiska sem hluthafar taka. Yfirtakan hlýtur blessun sænskra fjármálayfirvalda í desemberbyrjun sama ár og viðskipti hefjast með bréf bankans í Kauphöllinni í Stokkhólmi.</li> </ul>







# Er markaðurinn kynblindur?

Í umfjöllun sinni „Kynblindur markaður“ í Markaðnum, aukablaði Fréttablaðsins 17. október sl., gerir Björgvin Guðmundsson ný lög í Noregi að umfjöllunar efni sínu. Í stuttu máli ganga þessi nýju lög í Noregi út á það að jafna skuli kynjahlutfall þeirra sem sitja í ráðum, nefndum og stjórnnum opinberra stofnana jafnt sem í stórum einkafyrirtækjum. Er kveðið á um að hlutföllin skuli ekki halla á annað kynið meira en sem nemur 40/60 skiptingu. Lögin, sem munu taka gildi um áramótin, eru viðleitni norskra stjórnvalda til að jafna stöðu kynjanna þar í landi.

Það er greinilegt á skrifum Björgvins að þessi lög, eða ólög eins og hann kallar þau, fá ekki náð fyrir hans augum – og sjálf-sagt ekki heldur fyrir öðrum þeim sem lifa í þeirri trú að lögmáli markaðarins sé hægt að jafna við náttúrulögmál à la „survival of the fittest“, þ.e.a.s. sá sterkasti lifir af og sá besti fær (stjórnunar)stöðuna. Og í einkafyrirtækjarekstri eru það greinilega karlmennirnir sem eru sterkastir

## SPÁKAUPMAÐURINN

### Sumarið er tíminn!

Konan mín rak upp stór augu þegar hún kom heim úr vinnunni á föstudag með krakkana í eftirdragi, dauðuppgefna úr skólanum. Ég stóð í eldhúsinu í sandölum, Havaíbuxum og ermalausum bol líkum þeim sem Laddi söng um í gamla daga og saxaði tómata á meðan marinerada ribæið grillaðist á lágum hita í ofninum. Gleðilegir tónar Beach Boys liðu um eldhúsið og blönduðust rauðvíninu sem ég saup rólega á meðan á eldamenskunni stóð. Gott ef ég var ekki farinn að kippa pínulítið, en innan marka.

Var ég orðinn ruglaður? Nei, svaraði ég konunni, smellti á hana kossi og bauð í glas. Ég var heldur ekki kominn með gráan fiðring. „Ég er kosmópólítan,“ sagði ég og hrærði í sósunni.

Ég var glaður, kominn ofsakátur á brimbretti upp úr öldudal á alþjóðlegum hlutabréfmarkaði, sem kominn er á fullt sving og meira til í útlöndum eftir dapra daga sem sumir – eins og ég – hafa nýtt til fullnustu. Og notið. Svo ég tali nú ekki um SPRON, sem fyllir mig hamingju þessa dagana. Hagnaðurinn af allri vinnunni sem ég hef lagt á mig sofandi og vakandi er löngu búinn að greiða fyrir ferð okkar hjóna og golfsetts til Kína og meira til en þar verða tvær ef ekki fleiri kúlur slegnar í holu í einu höggi.

Við drekkum náttúrliga í okkur menninguna, förum í tάνuð að forn-asískum hætti og fáum okkur hvort sitt falsúrið frá Rolex sem smíðað er af smágerðum en nákvæmum höndum. Eins og gengur og gerist. Þegar við höfum náð áttum í nýju landi skjótumst við í nokkurra daga ferð til Sjanghæ og skoðum borgina, markaðinn, kauphöllina og æðið sem blæs mönnum í brjóst það hugrekki að skjóta hlutabréfaverði upp um nokkur hundruð prósent á sárafáum misserum. Svo er aldrei að vita nema maður kaupi eitthvert gotterí sem hægt verður að draga inn í peningaveskið í sauðburðinum á skerinu næsta haust. Já, það er gaman að vera til, ekki síst þegar maður er í sumarskapi um jólaleytið á Ikea-tíma. Aloha!

Spákaupmaðurinn á horninu

## JAFNRÉTTISMÁL

og hafa getuna, því eins og við vitum eru það karlar sem eru stjórnendur, stjórnarformenn og stjórnarmeðlimir stórra stofnana og fyrirtækja í mun ríkari mæli en konur. Þetta á einnig við Glitni og Kaupþing í Noregi og munu því þessi nýju norsku lög koma illa við þessa íslensku útrásarbanka þar í landi þar sem þeir uppfylla ekki skilyrði nýju laganna um hlutföll kynjanna í stjórn sinni. Svipar það mjög til stöðunnar á Íslandi.

Hin svokölluðu kvótalög sem sett hafa verið í nokkrum lönd-

um til að tryggja réttindi hinna ýmsu minnihlutahópa eru vissulega umdeild. Margir hafa sjálf-sagt heyrt um lög í Bandaríkjunum þar sem minnihlutahópum er tryggt ákveðið hlutfall stöðugilda og aðgengi í ýmsar stofnanir þar í landi, s.s. háskóla. Athyglisvert er að í sjálfu æðsta vígi frjálsrar markaðshyggju, Bandaríkjunum, hefur þótt ráðlegt að láta ekki markaðslögmálin ein sjá um málin í þessu sambandi. Jafnvel þar gera menn sér grein fyrir að markaðslögmálin geta ekki ein og sér stýrt öllum sviðum samfélagsins, þar sem þættir eins og félagslegar aðstæður og bakgrunnur,

hefðbundin viðhorf samfélagsins, sögulegur bakgrunnur o.s.frv. hafa einnig áhrif á það hver fær hvað og hver ræður hvern í vinnu. Það hefur sýnt sig að markaðslögmálin hafa ekki verið að virka á Íslandi hvað varðar stöðu kynjanna í stjórnunarstöðum – eða meinar Björgvin Guðmundsson að ástæðan fyrir því að konur eru ekki í ríkari mæli í stjórn fyrirtækja en raun ber vitni sé að þær eru ekki jafn hæfar og karlar?

Konur hafa þrátt fyrir allt verið mjög virkar á íslenskum vinnu-markaði í nokkra áratugi og eru að meðaltali betur menntaðar en

karlmenn. Niðurstöðurnar hljóta því að vera þessar: Markaðurinn er því miður ekki kynblindur; öllu heldur blindur á jafna hæfileika kvenna og karla við stjórnvöldinn! Þessu gera stjórnvöld í Noregi sér grein fyrir og ætla sér að gera eitthvað í málinu til að koma nauðsynlegum breytingum af stað.

Haldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands.



# Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

# Nútímalegir bankareikningar með góða ávöxtun

Peningamarkaðssjóðir bankanna hafa vaxið gríðarlega síðustu ár og eru nú rúmir fimm hundruð milljarðar króna. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* kynnti sér peningamarkaðssjóðina og ræddi við þrjá sjóðsstjóra hjá stóru viðskiptabönkunum.

Peningamarkaðssjóðir íslensku viðskiptabankanna hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár, ekki síst eftir aldamótin, en eignir þeirra í íslenskum krónum nema í dag um 500 milljörðum króna. Sjóðsstjórar þriggja stærstu viðskiptabankanna segja ýmis atriði valda þessum mikla vexti, ekki síst þar sem beint samband sé á milli þeirra og stýrivaxta, en það hefur skilað fremur góðri og nokkuð öruggri ávöxtun, jafnvel betri en í hlutabréfa- og vísitölusjóðum.

Einstaklingar jafnt sem fyrirtæki nýta sér sjóðina til skamms tíma, jafnvel til einnar nætur, og varð einum viðmælanda Markaðarins á orði að sjóðir sem þessir hefðu tekið við af veltu- og innlánsreikningum, svo sem bóku og tékkareikningum, sem alla jafna bera lægri vexti.

## PENINGAR Í BIÐSTÖÐU VINNA ÁFRAM

Peningamarkaðssjóðir ávaxta pund sitt í víxlum, innlánnum, skammtímaverðbréfum sem jafnt innlendir sem erlendir

aðilar gefa út. Eignir sjóðanna eru að mestu óverðtryggðar en með því dreifist áhættan auk þess sem gengi sjóðanna sveiflast tiltölulega lítið.



**AGLA HENDRIKSDÓTTIR** „Það munar orðið miklu hvort einstaklingar og fyrirtæki láti háar fjárhæðir liggja yfir nótt eða vikutíma á tékkareikningi eða í peningamarkaðssjóði.“

MARKAÐURINN/VALLI

Inn í spilar að ólíkt öðrum sjóðum sem bankarnir bjóða upp á er enginn binditími á eign í peningamarkaðssjóðunum og er hægt að innleysa fjárhæðir úr þeim samdægurs. Í ofanálag er enginn munur á kaup- og sölugengi, afgreiðslugjald undir fimm hundruð krónum og umsýslugjald undir einu prósentustigi. Lágmarkskaup eru tíu þúsund krónur en helmingi minni ef tekin er staða í sjóðnum með áskrift. Þetta er því einkar þægilegur og ódýr máti til fjárfestingar með tiltölulega góðri ávöxtun, eða á bilinu þrettán til fimmtán prósent á ársgrundvelli upp á síðkastið.

Þessi skilyrði hafa ýtt undir fjárfestingar einstaklinga í sjóðum sem þessum til skamms tíma, sérstaklega ef þeim áskotnast háar fjárhæðir í einu lagi, svo sem í kjölfar yfirtöku Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, á Actavis síðla sumars. Þá skiptu háar fjárhæðir um hendur, peningar sem varð að koma að hluta í vinnu á öðrum stað. Í millibilsástandinu ávöxtuðu margir fjármunina sem þeir

fengu fyrir bréf sín með kaupum í einum af þeim peningamarkaðssjóðum sem í boði eru hér á landi.

## RÚMLEGA ÞÚSUND PRÓSENTA VÖXTUR

Landsbankinn ruddi brautina; fyrstur íslenskra banka til að setja peningamarkaðssjóð á laggirnar árið 1995 og situr nú um stundir á stærsta sjóðnum, á bilinu 160 til 170 milljarðar króna. Glitnir og Kaupþing fetuðu í fótspor hans ári síðar. Glitnir situr nú á næststærsta peningamarkaðssjóði bankanna, 137 milljörðum króna, en Kaupþing fylgir fast á eftir með 107 milljarða króna. Taka ber fram að sökum flæðis í sjóðunum breytast tölurnar hratt en iðulega upp á við.

Vöxtur allra peningamarkaðssjóða var fremur hægur til að byrja með, tók kipp eftir aldamótin síðustu en fór á sprett allra síðustu ár og má ætla að inneign peningamarkaðssjóða bankanna þriggja hafi vaxið um rúm ellufu hundruð prósent síðastliðin þrjú ár.

## FJÁRMAGNIÐ ELTIR VEXTINA


Ingunn S. Bragadóttir, sjóðsstjóri Landsbankans, segir fyrirtæki hafa í æ ríkari mæli fjárfest í peningamarkaðssjóði bankans, flest þó til skamms tíma. Upp á síðkastið hafa fleiri tegundir peningamarkaðssjóða litið dagsins ljós, svo sem í evrum, pundum og dólum og hafi þeir vaxið talsvert síðustu misserin. Vöxtur erlendu peningamarkaðssjóðanna helst í hendur við útrás íslenskra fyrirtækja, að sögn Ingunnar. „Mörg fyrirtæki eru með viðskipti í erlendri mynt og því hefur þörfin fyrir sjóði sem þessa aukist mikið,“ segir hún og bætir við að fyrirtækin hafi í auknum mæli nýtt sér sjóðina sem fjárfestingartæki, ólíkt því sem gerðist á árum áður.

Daníel Þórðarson, sjóðsstjóri hjá Kaupþingi, segir marga þætti spila inn í vöxt peninga-



markaðssjóðanna, en helst þó aðstæður í efnahagslífinu. Flestir telja nú að stýrivextir verði háir lengur en áður hefur verið spáð. Jafnframt eru verðbólguvæntingar með þeim hætti að raun-áavöxtun peningamarkaðssjóða ætti að geta verið áfram há. Að þessu sögðu má auðvitað gera ráð fyrir því að hluti fjármagnsins leiti annað þegar styttrir í vaxtalækkunarferlið. „Menn geta talið eina leið góða nú en aðra síðar“, segir Daníel og bendir á að stærð peningamarkaðssjóðanna nú endurspegli einfaldlega þá skoðun margra fjárfesta

## VÖXTUR PENINGAMARKAÐSSJÓÐA Á ÁRUNUM 2000-2007



**DANÍEL ÞÓRÐARSON** „Menn geta talið eina leið góða nú en aðra síðar.“

MARKAÐURINN/VALLI





**FÓLK** Einstaklingar hafa í auknum mæli nýtt sér peningamarkaðssjóði bankanna til að ávaxta pund sitt fremur en að láta það liggja inni á hefðbundinni bankabók eða tékkareikningi.

að peningamarkaður sé nú mjög álitlegur kostur samanborið við aðra eignaflokka.

Undir þetta tekur Agla Elísabet Hendriksdóttir, forstöðumaður hjá Glitni Sjóðum. Hún segir vöxt peningamarkaðssjóðanna í beinu sambandi við þróun á skuldaþreftamarkaði og því leiti fjárfestingar, bæði fyrirtæki og einstaklingar þangað sem bestu ávöxtunina sé að finna. „Ávöxtunarkrafan á verðtrygðum skuldaþreftamarkaði hefur farið hækkandi en það þýðir að menn hafa flúið hann og farið í peningamarkaðssjóði sem eru að mestu leyti óverðtryggðir, þróun þar fylgir mjög sterkt breytingum á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Hærrí stýrivextir seðlabankans hafi skilað sér í hærri ávöxtun peningamarkaðssjóðanna og því horfi margir fremur til þess að fara þangað sem ávöxtun er há en áhættan til-  
tölulega lítil.“

Agla bendir jafnframt á að kúnnahópur peningamarkaðssjóðanna hafi breyst frá því sem áður var. „Þegar sjóðurinn var stofnaður var hann fyrst og fremst hugsaður fyrir einstaklinga. Núna eru það hins vegar stórfyrirtæki sem hafa notað hann í auknum mæli. Þau þurfa að koma skammtímalausafé fyrir. Væn ávöxtun á peningamarkaði verður miðað við spár markaðsaðila há á næstu árum, en það má álykta að þegar fjárfestar geta fengið um fimmtán

prósenta áhættulitla ávöxtun, þá er það mjög góður fjárfestingarkostur í samanburði við aðra, hvort sem það er hefðbundinn tékkareikningur eða langtíma-hækkun alþjóðlegra hlutabréfamarkaða sem gefur að meðaltali um 10-12 prósent á ári með flökki sem þeim fylgir,“ segir hún. „Það munar orðið miklu hvort einstaklingar og fyrirtæki láti háar fjárhæðir liggja yfir nótt eða vikutíma á tékkareikningi eða í peningamarkaðssjóði.“

#### PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR Í ERLENDRI MYNT

Banki	Upphæð*
<b>Landsbanki:</b>	
Evrur	18,6
Pund	2,7
Bandaríkjadalur	6,7
Kanadískir dalir	0,5
Danskar krónur	1
<b>Glitnir*</b>	
Evrur	11,8
Bandaríkjadalur	2,5
<b>Kaupþing:</b>	
Evrur	11,8
Pund	0,876
Bandaríkjadalur	1,1
<b>Samtals:</b>	
	57,5

\* Í milljórdum íslenskra króna

\* Glitnir starfrækir sömuleiðis peningamarkaðssjóð í evrum í Finnlandi. Hann stendur nú í jafnvirði 28,9 ma. kr.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

# Ávaxtaðu betur 15,5%\*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings.

\*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/08/07 - 28/09/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrátti úr útböðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is).



5125050

Auglýsingasími

— Most lesið

## Sala nýrra íbúða í 101 Skuggahverfi er hafin

Kynntu þér frábæran valkost í miðborginni. Nánari upplýsingar á [www.101skuggi.is](http://www.101skuggi.is) eða í síma 599 5000.

# Gósentíð fyrir íslenska listamenn

Velmegun og aukinn listáhugi landans hefur þrýst verði íslenskra verka upp á skömmum tíma. Bragi Guðlaugsson listaverkasafnari hefur notið góðs af því, rétt eins og listamennirnir sjálfir.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir  
skrifar

Velmegun og aukinn áhugi, bæði almennings og sterkra fjárfesta, hefur gefið sölu íslenskrar myndlistar aukinn kraft. Fyrir vikið hefur verð á íslenskum verkum rokið upp á stuttum tíma. Bragi Guðlaugsson veggfóðrarameistari er ábyggilega með virkustu listaverkasöfnunum landsins. Hann keypti sitt fyrsta málverk um miðjan áttunda áratuginn. Síðan hefur hann ekki hætt. Í dag á hann meira en tvö hundruð verk eftir marga af ástsælustu listmálurum Íslands.

Þótt Bragi hafi aldrei litið á söfnun sína sem fjárfestingu hefur safn hans margfaldast í virði á fáeinum árum. Má því segja að áhugamálið hafi breyst í þrýðisfjárfestingu. „Verð á íslenskri myndlist hefur hækkað verulega að undanförunu. Maður hefur nýtt það á uppboðum, látið góðar milli-myndir og fengið eina eða tvær perlu í staðinn eftir aðra. Ég hef til dæmis verið að skipta myndum til að kaupa Kristján Davíðsson og Þorvald Skúlason. Það eru góð skipti.“ Bragi er illfáanlegur til að leggja peningalegt mat á málverkafn sitt, enda breytist það frá einu tímabili til annars. Hann fæst þó til að meta það á eins og eitt gott einbýlishús. Hvorki þó einbýlishús í Vesturbæ Reykjavíkur eða í litlum bæ á lands-

byggðinni. „Eigum við ekki bara að segja einhvers staðar þar á milli, eins og kannski gott einbýlishús í Fossvoginum?“

Sveinn Þórhallsson, einn eigna Gallery Turpentine, tekur undir orð Braga. Hann segir mikla breytingu hafa orðið á listaverkamarkaðnum á síðastliðnum tveimur árum. „Nú eru góð verk að seljast fyrir himinháar upphæðir sem ekki sáust áður. Verk eftir suma listamenn hafa allt að því tvöfaldast í verði, til dæmis verk eftir Kristján Davíðsson, Húbert Nóa og Georg Guðna. Þau hafa verið að fara á allt að fimm til sex milljónir króna.“ Þá segir hann að verk eftir yngri listamenn eigi einnig meira upp á pallborðið en nokkru sinni fyrr. „Samtímalist er sem betur fer sjóðandi heit í dag.“

Allir veggir einbýlishúss Braga í Háaleitishverfi eru þaktir listaverkum, frá gólfi og upp að lofti. Hann á nokkrar þjóðargersemar sem hann segir sjálfur að ættu best heima á söfnum. „Ég á eina mynd eftir Kjarval sem er úr seríunni Andlit að austan, eina af fáum myndum úr þeirri seríu sem eru ekki í eigu Listasafns Íslands, að ég best veit.“ Þá á hann olíumynd af tröllum eftir Mugg, Tröllagleði, sem mun vera mikill dýrgripur.

Bragi hefur sýnt myndir úr safni sínu oftar en einu sinni. Í sumar sýndi hann tólf myndir



FORFALLINN LISTAVERKAUNNANDI Bragi Guðlaugsson veggfóðrarameistari hefur safnað íslenskri list í hátt í þrjátíu ár. Meira en tvö hundruð verk þekja vegg heimilis hans.

eftir Kristján Davíðsson í Gallerí Fold og á milli tuttugu og þrjátíu myndir eftir Þorvald Skúlason í fyrirasumar. Auk mynda eftir þá á hann talsvert af myndum eftir Jóhannes Jóhannesson, Guðmundu Andrésdóttur og Karl Kvaran, sem öll eru í miklu uppáhaldi hjá

honum. Mörgum þeirra kynntist hann persónulega. Hann keypti til að mynda allar myndirnar beint af þeim Jóhannesi, Karli og Guðmundu. Af yngri listamönnum á hann meðal annars verk eftir Eggert Pétursson, Georg Guðna, Húbert Nóa og Helga Þorgils.


Hvað knýr áhugann segir Bragi ekki gott að segja til um. „Kannski er þetta eitthvað úr æskunni, ég átti nú aldrei mikið af leikföngum,“ segir hann og hlær. „En í alvöru talað er það bara fegurðin og krafturinn sem dregur mig að myndunum.“

## Tillsammans er best

Í sitt hvoru lagi erum við góð ... saman erum við frábær samsetning

Fasteignafélagið Stoðir, Keops og Atlas Ejendomme sameinast og mynda eitt stærsta og öflugasta fasteignafélag Norðurlanda.

Saman erum við **LANDIC**  
PROPERTY



FASTAIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR

KEOPS

ATLAS

**LANDIC**  
PROPERTY

## DAÐUR Í LÍFI...

Finns Oddssonar, framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands

Finns Oddsson tók við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands í sumar af Höllu Tómasdóttur. Yfirlýst markmið Viðskiptaráðs er að vinna að hvers konar framförum sem bæta starfsskilyrði atvinnulífsins.

**08.15** Kom syni mínum í skólann og sjálfum mér í vinnuna. Reyndi að glugga í blöðin en gafst lítt tími til þess því ég þurfti að undirbúa mánaðarlega stjórnarfundir Viðskiptaráðs.

**10.00** Fundaði með formanni stjórnar, Erlendi Hjaltasyni, eins og ég geri reglulega.

**11.00** Fyrri stjórnarfundur dagsins með fimm manna framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs.

**12.00** Fundur með stjórn og varastjórn Viðskiptaráðs. Í þetta sinn fengum við Ásgeir Margeirsson til þess að segja okkur frá Geysi Green Energy og tækifærunum sem felast í fyrirtækinu.

**14.00** Spjall við stjórnarmenn og óformlegur fundur með starfsfólki Viðskiptaráðs.

**15.00** Næstu tveir tímar fóru í viðtöl við fjölmiðla.

**17.00** Fundur með hagfræðingi Viðskiptaráðs varðandi skýrslu sem verið er að vinna fyrir okkur um íslenskt fjármálalíf og ímynd Íslands.

**18.00** Fór heim og lagði lokahönd á snjókarl með syni mínum.

**19.00** Horfði á fréttir með öðru auganu og borðaði kvöldmat með fjölskyldunni.

**20.30** Settist aftur fyrir framan tölvuna, tölvupósti svarað og næsti dagur undirbúinn.

**FINNUR ODDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS** Drjúgur hluti mánudagsins fór í að svara spurningum fjölmiðla um álit Viðskiptaráðs á áhrifum afnáms uppgreiðslugjalds.



Vertu hvort tveggja. Úti á landi. Inni í borg eða einhvers staðar þar á milli. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um samruna ólíkra heima. 1 + 1 = 3. Nýtt verður til. Volvo XC70.

Lifðu í lúxus. Veldu nýjan bil sem brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo XC70.




Volvo. For life.

Komdu í Brimborg. Skoðuðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.

VERTU ÚTI EÐA INNI

## Nýr Volvo XC70

Komdu í Brimborg í dag  
Akureyri, Reykjavík.



GG GROUP GREY ALUMINUMTEKSL

  
visthæf skref  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.volvo.is](http://www.volvo.is)

Volvo XC70 3.2i 238 hó 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5,690,000 kr.\* Bensineyðsla í blönduðum akstri 11,4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. Volvo XC70 D5 185 hó 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5,890,000 kr.\* Disileyðsla í blönduðum akstri 8,3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.  
\*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" áfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## BANKHÓLFID

### Rektor í fjárfestingar

Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, hefur nú stofnað fjárfestingafélag með 61 milljónar króna höfuðstól. Ætlar rektor greinilega að fjárfesta í fleiru en menntun ungra nemenda með starfi sínu í HR. Það er í takt við það sem fyrrverandi samstarfsmaður hennar í Actavis, Róbert Wessman, hefur gert. Samhliða forstjórastarfi sínu hefur hann lýst stórtækum fjárfestingum sínum.



En auðvitað fóru góðu verkefni alltaf fyrst til Actavis. Hann hirti bara brauðmolana – að eigin sögn.

### Keppnisíþrótt bankamanna

Landsbankinn Kepler í Frakklandi hefur greinilega á að skipa úrvalsfólki. Greiningardeild bankans lenti í öðru sæti í vali á bestu greiningaraðilum Frakklands milli árána 2006 og 2007. Verðlaunin voru fyrir árangur í vali á hlutabréfum og spá um hagnað. Bætist þessir bikar í safn verðlauna Keplers-manna. Síðasta vetur var Landsbankinn Kepler sagður besta verðbréfafyrirtæki Frakklands í Bloomberg Magazine. Sigurjón Þ. Arnason segir Landsbankann og dótturfélög vera með eina umfangsmestu greiningardeild á evrópska hlutabréfamarkaðnum.



### Lausn fyrir leiðindapúka

Í nútímasamfélagi má finna lausn á öllum sköpuðum hlutum. Meira að segja því að vera drepleiðinlegur frá náttúrunnar hendi. Stjórnendur og aðrir þeir sem eiga við þetta hvítleiða vandamál að stríða geta skráð sig á námskeið hjá Stjórnunarfélagi Íslands sem hin drepfyndna Edda Björgvinsdóttir stendur fyrir. Edda, sem þekkir allar krókaleiðir að húmorinum, býður leiðindapúkum aðstoð sína. Fullyrt er að með húmorinn að vopni geti þeir auðgað líf sitt og átt gjöful mannleg samskipti í framtíðinni með bros á vör.

**14** milljarða króna hagnaður Kaupþings á þriðja ársfjórðungi.

**80** milljarðar króna sem vaxtastefna Seðlabanka Íslands hefur kostað sjávarútveginn að mati LÍÚ.

**14** milljarða króna gengisbundnar skuldir heimilanna við innlánsstofnanir í lok september.

## dk Pos

### Afgreiðslu- og bókhaldskerfi sem selur!

dk Pos er einfalt í notkun og notendavænt

dk Pos er aðgengilegt afgreiðslu- og bókhaldskerfi sem hentar verslunum og fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Kerfið er sérlega notendavænt, með íslenskt viðmót og hægt að opna marga óskylda glugga samtímis til að skoða ýmsar upplýsingar og „skýrslur“.

Þú notar þær stillingar sem þér henta; lyklaborð, aðgerðalykla eða snertiskjá. dk Pos er sjálfstæð eining sem tryggir að afgreiðsla stöðvast ekki þrátt fyrir utanaðkomandi röskun. En um leið er hún að fullu til samræmis við aðra kerfishluta dk Viðskiptahugbúnaðarins og samkeyrir gögn og lykla við aðrar einingar kerfisins. T.d. upplýsingar úr birgða- og sölukerfi, viðskiptavinagrunni og bókhaldi svo það helsta sé nefnt.

Áskriftarverð á mánuði 23.900,- með vsk. Í áskriftinni er innifalið\*:

- dk Viðskiptahugbúnaður: fjárhags-, viðskiptamanna-, birgða- og sölukerfi
- dk Pos afgreiðslukerfi – 1 kassi
- dk Bakvinnslukerfi
- dk Vistun, hýsing og afritataka
- dk uppfærslu- og þjónustusamningur



#### dk hugbúnaður


Hlíðasmára 17  
201 Kópavogur  
Sími 510 5800  
Fax 510 5812  
dk@dk.is  
www.dk.is

\*Ekki innifalið: Uppsetning og tilheyrandi vélbúnaður.

## Þú ert ekki hjá SPRON Verðbréfum er það?

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%\***



Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

\*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007, skv. sjodir.is. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðsýsingun má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.

75 ára

SPRON  
VERDBRÉF



# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

## Margföld ending og slitþol!

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

*A góðum járnnum*



**HÉÐINN**

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# Íslenskur iðnaður

MIÐVIKUDAGUR 31. OKTÓBER 2007



**TENGI**

## Sundance® Spas

-heilsunuddpottar

Sundance Spas heilsunuddpottarnir stuðla að náttúrulegri slökun, þar sem þú endurhleður líkama og sál.

**TENGI**

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • [www.tengi.is](http://www.tengi.is) • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is) • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

# Íslenskt handverk í bandarískt sjónvarp

Bandarískt tókulið var stutt hérlendis við tókur í Heimilis-iðnaðarsafninu á Blönduósi síðastliðið sumar. Forstöðumaður safnsins, Elín S. Sigurðardóttir, segir það til marks um aukinn áhuga að utan, auk þess sem landsmenn sjálfir veiti safninu síaukna athygli.

„Hingað kom þáttagerðarfólk frá Boston í Bandaríkjunum í sumar, sem vinnur að heimildarmynd um tískuhönnun á Íslandi. Hún verður hluti af þáttaröð um tískuhönnun í nokkrum löndum. Hópurinn ferðaðist hingað fyrir tilstilli fatahönnuðarins Steinunnar Sigurðardóttur, sem hefur sýnt hérna á safninu, en hún vildi að hann sæi og upplifði hvernig þráðurinn verður til og er notaður í efnið sem fer í fatahönnun. Þau dvöldu hérna í heilan dag og töldu sig eiga mikið eftir þegar þau fóru.“

Þetta segir Elín S. Sigurðardóttir, forstöðumaður Heimilis-iðnaðarsafnsins á Blönduósi, og kippir sér ekki sérstaklega upp við áhuga erlendra aðila á safninu enda sé hann svo sem ekkert nýdæmi. Til hennar skrifi reglulega fólk að utan, sem vilji fá að mynda á safninu og skrifa um það. Því sé þó ekki að neita að áhuginn sé að aukast og það sé vissulega gleðiefni.

„Safnið var vel sótt síðasta sumar og straumur erlendra ferðamanna vex. Fyrir utan tókuliðið ferðaðist hingað amerískur stærðfræðiprófessor, dr. David A. James við háskólann í Michigan, sem hafði skrifað mér í ársbyrjun. Hann kom síðan hingað til að ljósmynda íslenska þjóðbúninga í tengslum við akademískt verkefni sem hann er að vinna að og gengur út á greiningu munstra. Hann var þegar búinn að ferðast til nokkurra landa í sömu er-



Elín S. Sigurðardóttir hefur stýrt Heimilis-iðnaðarsafninu af myndarbrag.

indagjörðum þegar hann lagði leið sína á safnið.“

Elín segir að þar sem safnið hafi úr litlum fjármunum að spila virðist engu líkara en það sé farið að auglýsa sig sjálf. Aðsóknin sýni það og þá ekki eingöngu af hálfu erlendra ferðamanna heldur landsmanna sjálfra. Hún rekur það meðal annars til þess að yngri kynslóðirnar líti á heimilis-iðnað með öðrum og jákvæðari augum en gert hafi verið á síðustu áratugum.

„Þessi iðn hafði frá árunum 1960 til 1970

byrjað að þynnast smám saman, samfara innflutningi á erlendum og oft ódýrari fatnaði, og allt fram til dagsins í dag,“ útskýrir Elín og bendir á að það hafi nánast þótt þúkó ef börn voru í heimasamuðum fötum, en fínt ef þau fengu eitthvað tilbúið í jólagjöf.

„Núna er þetta allt að breytast. Ungt fólk sækir í að sauma og hekla, en þá kallast það líka að hanna,“ segir hún. „Það sækir þá hugmyndirnar í söfn eins og þessi, sem eru menningararfur, og nýta þær kannski öðruvísi en tíðkaðist. Áhuginn er greinilega meiri en áður. Það sýnir bara hversu mikil nauðsyn er fyrir söfn af þessu tagi.“

Nánar um safnið á [www.simnet.is/textile/](http://www.simnet.is/textile/).



Heimilis-iðnaðarsafnið á Blönduósi, hefur vakið athygli erlendra fagaðila að undanförmum.



Myndir frá sýningu Steinunnar Sigurðardóttur, fatahönnuðar, sumarið 2006. Í hönnun Steinunnar gættir áhrifa frá íslenska kvenbúningnum.


## Nýtt íslenskt rakakrem á markaðinn

**Saga Medica – Heilsujurtir ehf. sérhæfir sig í þróun og framleiðslu heilsuvara og náttúruvara úr íslenskum lækningajurtum. Fyrirtækið sendir frá sér nýtt húðkrem á næstu mánuðum.**

„Þetta er húðkrem sem við höfum verið að huga að um tíma og búið til áður í tilraunaskyni. Fólk sem hefur prófað það er ánæggt með árangurinn,“ segir Sigmundur Guðbjarnason, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarsviðs hjá Saga Medica, um nýtt rakakrem sem fyrirtækið vinnur upp úr ilmólum ætíhvannafræja. eru fræin talin hafa ýmsa lækningaeiginleika og framleidd með sérstakri tækni í verksmiðju á Akranesi.

„Við erum núna að kanna hversu mikið magn kemur úr fræjunum og hvernig það virkar á húðina,“ heldur Sigmundur áfram. „Það fer allt eftir því hvar hvönnin vex. Jarðvegurinn og veðurskilyrði hafa mikið um endanlega útkomu að segja. Það verður markaðssett sem rakakrem og hentar vel fyrir fólk sem glímur við þurra húð.“

Rakakremið er viðbót við þær heilsuvörur og náttúruvörur sem Saga Medica hefur þróað og framleitt á undanförmum árum. Framtíkið virðist hafa farið vel í landsmenn að sögn framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Þráins Þorvaldssonar. „Vörur okkar eru með mest seldu fæðubótarefnum á Íslandi, samkvæmt upplýsingum sem við höfum frá dreifiaðilanum, Heilsu, og eins verslunum sjálfum. Miðað við höfðatölu er salan miklu meiri



en gengur og gerist í nágrennlöndunum.“

Þráinn segir þetta ganga þvert gegn þeirri viðteknu hugmynd að landsmenn taki erlend fæðubótarefni fram yfir þau íslensku. „Fólki virðist líka vel það sem íslenskt er. Við höfum fjölda vitnisburða frá ánægðum viðskiptavinum og erum stóránægð þar sem við eigum í mikilli samkeppni við erlenda aðila.“

Það verður því fróðlegt að sjá hvort kremið fær svipaðar viðtökur og aðrar vörur fyrirtækisins, en stefnt er á að markaðssetja það á næstu mánuðum.

Sigmundur segir nýtt rakakrem sem Saga Medica ætlar að markaðssetja á næstunni hafa mælt vel fyrir hjá þeim sem hafa prófað það. Fyrirtækið flytur á næstunni í húsnæði Impu að Keldnaholti.

# De Dietrich

FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

*Luxus í sérstakki*

## GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL**

INNBYGGÐ KVÖRN  
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR  
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU  
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN  
RAFEINDASTÝRING  
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

## **SPANSUÐU- OG GLERHELLUBORÐ Í ÚRVALI**



## **EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM**

MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)  
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI  
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI  
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN  
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNJURUM  
**ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA**



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Verkefni en ekki vandamál

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda fór fram fyrir skömmu en markmið hennar er að virkja sköpunarkraft íslenskra barna og unglunga. Dóróthea Höeg Sigurðardóttur tók þátt í keppninni fyrir tíu árum og segir reynsluna hafa breytt hugsunarhætti sínum fyrir lífstíð.

„Við Klara Jónasdóttir, bekkjar-systir mín í grunnskóla, sendum inn í keppnina gervihendi sem við höfðum búið til,“ rifjar Dóróthea Höeg Sigurðardóttir verkfræðinemi upp, um þátttöku sína í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, skammtstafað NGK, fyrir áratug.

„Hugmyndin varð til upp úr nýsköpun, sem var nýorðin að fastri stundaskrá í Gnúpverjaskóla eða Þjórsárskóla eins og hann kallast í dag, þegar við vorum í fjórða bekk,“ heldur hún áfram. „Aðalsprautan á bak við námið var kennarinn okkar Svanborg R. Jónsdótt-

ir, en það gekk meðal annars út á að greina vandamál í umhverfinu og reyna að leysa þau.“

Dóróthea segir að vinna í öðrum námsgreinum hafi farið lítið fram á töflunni en þess í stað hafi nemandur mikið til unnið sjálfstætt. Það þýddi að þeir þurftu oft að bíða heillengi með upprétta hendi til að fá aðstoð. Þannig fengu þær Klara hugmyndina að hendinni, sem var gerð til að sýna að nemandur vantaði hjálp.

Höndina bjuggu þær Klara til úr tré og máluðu hana rauða svo kennarinn tæki betur eftir henni. Dóróthea segir kosti þessarar uppfinningar ótvíræða, því fyrir utan áður nefndan tilgang hafi hæglega mátt taka hana í sundur og geyma í skólatöskunni, enda hafi hún ekki verið neitt ferlíki heldur tiltölulega létt.

„Höndin hlaut heitið „Handy“ og við sendum hana inn í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. „Svo skemmtilega vill síðan til að þegar keppnin fór fram í síðasta mánuði, heilum tíu árum seinna, voru verðlaunagripirnir sem



Dóróthea og Klara með upprunalegu höndina og verðlaunagripinn sem hannaður var eftir henni. Þess má geta að systir Dórótheu, Jóhanna, vann síðustu keppni og því má segja að gripurinn hafi ekki farið langt.

FRETTABLAÐIÐ/GVA



Klara og Dóróthea á skólaferðalagi sem farið var til Vestmannaeyja um það leyti sem þær hönnuðu höndina..

krakkarnir fengu afhenta mótaðir eftir uppfinningunni okkar,“ segir Dóróthea og hlær.

Hún fer fögrum orðum um keppnina og segir hana hafa haft ótvíræð áhrif á þá stefnu sem líf hennar tók. „Ég tók áfram þátt í keppninni næstu árin og eins í nokkrum alþjóðlegum nýsköpunarkeppnum; vann meðal annars til verðlauna í alþjóðlegri keppni fyrir stúlkur. Það, sam-

hliða nýsköpunarnáminu og áhuga mínum á stærðfræði, varð til þess að ég fór á náttúrufræðibraut í menntaskóla. Eftir það lá leiðin í verkfræði við Háskóla Íslands.“

Dóróthea segist finna sig í náminu en þar komi reynslan úr nýsköpuninni að góðum notum. „Maður lærði að hugsa öðruvísi í nýsköpuninni og hættir því sjálf-sagt aldrei,“ segir hún. „Í staðinn

fyrir að líta á hluti sem vandamál og pirra sig á þeim horfir maður á þá sem verkefni sem þarf að leysa. Það er ekki bara gott fyrir verðandi verkfræðinga, heldur alla í hinu daglegu lífi. Það er einn helsti kostur nýsköpunar.

Þess vegna eru keppnir eins og Nýsköpunarkeppnin af hinu góða og mikilvægt að byrja snemma að innræta krökkum þennan hugsunarhátt.“

## Nýsköpun og bætt rekstrarskilyrði

Impra nýsköpunarmiðstöð er deild innan Iðntæknistofnunar, sem gegnir hlutverki miðstöðvar upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki. Gildir þá einu í hvaða atvinnugrein þau eru, hvort það er á sviði iðnaðar, sjávarútvegs, þjónustu eða annarra greina íslensks atvinnulífs.

Miðstöðin starfrækir frumkvöðlasetur til stuðnings frumkvöðlum og framgangi nýrra hugmynda. Hún leiðir mótun sér-tækra stuðningsverkefna sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi viðskiptahugmynda. Hún er að auki vettvangur samstarfs íslenskra og erlendra frumkvöðla og

lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Hjá Impru er hægt að leita eftir aðstoð um allt það sem viðkemur viðskiptahugmyndum og almennum rekstri fyrirtækja. Hægt er að leita til sérfræðinga á ýmsum sviðum um leiðsögn og upplýsingar varðandi ýmsa þætti hugmynda og reksturs.

Þá eru gefin út leiðbeiningarit og eftirlit haft með því sem er að gerast bæði hérlandis og erlendis fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

Nánari upplýsingar um Impru er að finna á [www.impra.is](http://www.impra.is). Eins í síma 570 7100, á skrifstofu miðstöðvarinnar á Keldnaholti í Reykjavík, eða í síma 460 7970, á Borgum við Norðurslóð á Akureyri.



Impra nýsköpunarmiðstöð hefur staðið fyrir frumkvöðlanámskeiðum um land allt.

**N1**

# SLÍPIVÖRUR

Við bjóðum mikið úrval af slípivörum; slípiskífur, skurðarskífur, arkir og margt fleira.

**N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200**

**WWW.N1.IS**



# Gluggasmiðjan

Fyrirtæki í framþróun

**Bílskúrshurðir**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Ál-trégluggar**  
**Rennihurðir**  
**Hringhurðir**  
**Trégluggar**  
**Álgluggar**  
**Loftristar**  
**Tréhurðir**  
**Útihurðir**  
**Álhurðir**

**Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050**

**[www.gluggasmidjan.is](http://www.gluggasmidjan.is)**



## ENSKI BOLTINN ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN  
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

[www.visir.is/enski](http://www.visir.is/enski)

# Íslenskur iðnaður á kortið

Mikið stendur til hjá Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík í febrúar á næsta ári en þá mun það heiðra iðnaðarmenn sem þykja hafa skarað fram úr á sveinsprófi.

„Við ætlum að heiðra iðnaðarmenn sem hafa staðið sig sérstaklega vel í sveinsprófum, með því að afhenda þeim í viðurkenningarskyni verðlaunapening annað hvort í silfri eða brónsi eftir árangri og heiðursskjal að auki. Tilgangurinn er að auka hróður íslenskra iðnaðarmanna og koma þeim og íslenskum iðnaði betur á kortið.“

Þetta segir Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, um verðlaunafhendingu félagsins sem áætlað er að fari fram í Ráðhúsinu í febrúarbyrjun á næsta ári á 141 ára afmæli félagsins. Hefur helstu ráðamönnum þjóðarinnar verið boðið á afhendinguna, þar á meðal menntamálaráðherra, iðnaðarráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, sem er verndari hátíðarinnar.

Er þetta í annað sinn sem hátíðin fer fram en áætlað er að hún verði með breyttu sniði að þessu sinni. „Ætlunin er að heiðra ekki aðeins þá sem hafa náð góðu sveinsprófi eins og síðast, heldur líka meistarana þeirra,“ segir Ásgrímur. Hann bætir við að fyrirmynd hátíðarinnar sjálfrar sé sótt til Iðnaðarmannafélagsins í Kaupmannahöfn, sem hefur heiðrað félagsmenn sína í 140 ár, sem samsvorar líftíma íslenska félagsins.

Hugmyndina að íslensku hátíðinni segir hann hafa kviknað fyrst nú vegna aukins samstarfs iðnaðarmannafélaga í höfuðborgum Norðurlandanna. Það hafi leitt til þess að ýmsar hugmyndir hafi orðið til, meðal annars að reisa



Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, í húsnæði félagsins á horni Vonarstrætis og Lækjargötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

leiguhúsnæði fyrir aldraða iðnaðarmenn hérlendis líkt og Danir gera. „Fyrirverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, gaf okkur vilyrði fyrir lóð undir bygginguna fyrir hönd borgarinnar, en í henni yrðu 50 leiguíbúðir. Því máli er ólokið.“

Ásgrímur segir samstarf félaganna hafa haft ýmsan ávinnning í för með sér. Til marks um

það muni viðurkenningarnar sem iðnaðarmennirnir hljóta í febrúar veita þeim aðgang að þjónustu iðnaðarmannafélaga hinna Norðurlandanna.

„Við útvegum þeim síðan skólalátt eða vinnu á Norðurlöndunum og loks mun Háskólinn í Reykjavík styrkja þá tvo sem skara fram úr með styrk til framhaldsnáms við skólann,“ segir hann að lokum.

## UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá.

FRUM Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, jólakort, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.



Grensásvegi 12A • 108 Reykjavík

símar 568 1000//824 6610//frum@frum.is//www.frum.is

Beta

N1

# VERKFAERI

N1 býður upp á mikið úrval af hágæða rafmagns- og handverkfærum.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS



# HELGAPELL

STÓRBROTID ÚTSÝNI  
GÓÐ FJÁRFESTING  
STÓRAR LÓÐIR



„Þegar maður á lífsblóm byggir maður hús.“

- Halldór Laxness, Sjálfstætt fólk.



DÆMI UM LÓÐIR TIL SÖLU:

\*ATH. Gatnagerðagjöld eru innifalin í lóðaverði.

Ásland 13	Ástu - Sólliljugata 17	Uglugata 25
Stærð lóðar: 778,3 m <sup>2</sup>	Stærð lóðar: 790,5 m <sup>2</sup>	Stærð lóðar: 804,9 m <sup>2</sup>
Stærð byggingarreits: 308 m <sup>2</sup>	Stærð byggingarreits: 236 m <sup>2</sup>	Stærð byggingarreits: 320,9 m <sup>2</sup>
Nýtingarhlutfall: 0,45	Nýtingarhlutfall: 0,45	Nýtingarhlutfall: 0,45
Hámarks gólfloitur: 350,23 m <sup>2</sup>	Hámarks gólfloitur: 355,72 m <sup>2</sup>	Hámarks gólfloitur: 320,9 m <sup>2</sup>
Verð: 19.500.000 kr.	Verð: 18.500.000 kr.	Verð: 20.000.000 kr.



Ákveðið var að sækja í sjóð Nóbelskálðsins og Mosfellingsins Halldórs Laxness þegar göturnar í Helgafellshverfi voru nefndar og velja þeim einföld og falleg nöfn. Göturnar sem mynda miðju hverfisins eru nefndar eftir tveimur af þekktustu sögum skálðsins og heita Gerplustræti og Vefarastræti. Aðrar götur í hverfinu eru nefndar af litríkustu kvenpersónum verka Laxness og heita Diljargata, Liljugata, Sölkugata og Snæfríðargata, svo einhverjar séu nefndar.

FASTEIGNASALAN  
**MIKLABORG**  
Höfundur 13 - 100 Reykjavík Sími 589 7000  
www.miklaborg.is  
**helgafell.is**

# Bandaríkjamenn sólnir í Sírius súkkulaði

**Bandaríska verslanakeðjan Whole Foods hefur ákveðið að taka inn fleiri sælgætisgerðir frá Nóa Sírius þar sem íslenskt sælgæti nýtur vaxandi vinsælda vestanhafs.**

„Whole Foods hefur selt súkkulaði frá Nóa Sírius í tæp tvö ár og vegna þeirrar góðu reynslu sem þeir hafa af okkur ætla þeir að bæta við fjórum vörunúmerum,“ segir Gunnar Sigurgeirsson, markaðsstjóri Nóa Sírius. „Um er að ræða mintu-, karamellu- og lakkrismola og heslihnetur hjúpaðar dökku súkkulaði.“

Vörutegundirnar fjórar sem Whole Foods hefur hingað til selt frá Nóa Sírius eru rjómasúkkulaði sem inniheldur 33 prósent kakómassa, Sírius Konsum með 45 prósent kakóinnihald, Sírius 56 prósent og Sírius 70 prósent. Hafa þessar vörur verið fánlegar í á sjötta tug verslana Whole Foods.

Gunnar segir þetta mikla viðurkenningu fyrir íslenska súkkulaðiframleiðslu þar sem Whole Foods sé eitt kröfuharðasta fyrirtækið á sínu sviði í Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitad. „Við erum afskaplega stolt af því að fá að selja vörurnar okkar í þessum verslunum og

finnst gaman að vinna með Whole Foods.“

Að sögn Gunnars kom samstarfið til vegna góðs gengis íslenskra vara eins og lambakjöts og skyrs sem Whole Foods hefur selt vestanhafs. „Áhugi þeirra á Íslandi er mikill, á mynd okkar og hreinleika. Síðan gekk allt mjög vel þar til Íslendingar hófu hvalveiðar. Þá féll kynningarstarfið niður. Eftir að hætt var við þær fyrirætlanir jókst salan að nýju.“

Súkkulaðið hefur hlotið góðar viðtökur þar ytra, sem er að sögn Gunnars helsta ástæða þess að Whole Foods ætlar að fjölga tegundunum. „Við fáum töluvert af tölvupósti frá ánægðum neytendum. Fólk lýsir því yfir að þetta sé besta súkkulaði sem það hafi

smakkað. Þarna erum við að keppa við helstu vörumerki í súkkulaði í heiminum, sem fyrirtækið er að selja. Það sýnir að við Íslendingar getum vel selt hágæða-súkkulaði og höfum gert í yfir sjötíu ár.“

Fyrirtækið vinnur nú að því að senda tutugu feta gám af súkkulaði til Bandaríkjanna svo það nái eiginlegri jólavertíð Whole Foods. Gunnar býður spenntur eftir viðtökunum.



Karamellumolar.

Heslihnetur hjúpaðar dökku súkkulaði.

Mintumolar.



Gunnar Sigurgeirsson með sælgætið sem er nýkomið í sérstakar umbúðir fyrir bandarískan markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


## Elipex

EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli.

Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.



## SET



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss  
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

## Gekk glimrandi vel

Fjárfestingar Seed Forum var haldið á Íslandi í sjötta sinn síðastliðinn föstudaginn og gekk vonum frammar að sögn Andra Ottesen, framkvæmdastjóra Seed Forum á Íslandi. Alls tóku níu fyrirtæki og 114 ráðstefnugestir þátt í ráðstefnunni.

„Það er ekki hægt að segja annað en þetta hafi gengið glimrandi vel. Það sést meðal annars af fyrirtækjunum sem tóku þátt og hve vel þeim gekk að fá fjárfesta,“ segir Andri, en markmið Seed Forum er sem kunnugt er að undirbúa frumkvöðla við að afla sér fjár og mynda tengsl milli þeirra og fjárfesta, sem skilar áhættufé til uppbyggingar og atvinnusköpunar.

Andri nefnir sem dæmi að fyrirtækin Oxymap, sem vinnur að tækni til að greina augnsjúkdóma og hindra að þeir valdi blindu, og Carbon Recycling, sem breytir útblæstri álvera í eldsneyti á bíla, hafi hlotið góðan hljómgrunn á ráðstefnunni og fengið fjárfesta til liðs við sig.

Margt er fram undan hjá fyrirtækjunum að sögn Andra og munu þau meðal annars ferðast til London, Stokkhólms og Minnesota í tengslum við ráðstefnuna, sem



Vel gekk á fjárfestingi Seed Forum að sögn Andra.

haldin er í áttatíu stöðum ár hvert. Ísland er eitt aðildarríkjanna 21 þar sem ráðstefnan fer fram, bæði á vorin og haustin.

Ekki er annað að heyra en Andri sé bjartsýnn á framgang íslensku fyrirtækjanna á erlendri grundu. „Það er bara vonandi að það takist að ná nokkuð hundruð milljónum af erlendu áhættufé hingað,“ segir hann.



Andri Ottesen er ánægður með hvernig til tókst á Fjárfestingi Seed Forum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 51250 50

Auglýsingasími

Mest lesið





**... ekki bara legur !!**

**DRIFKEDJUR**

**VERKFÆRI**

**REIMAR**

**ÁSTENGI**

**TANNHJÓL**

**REIMSKÍFUR**

**KLEMM-  
FÓÐRINGAR**



Landvélur / Straumurás 2009



**LANDVÉLAR**

Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi  
www.landvelar.is S. 580 5800



**STRAUMRÁS**

Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

# Þekkingarverðmæti fyrir alla

Samtök upplýsingatækni-fyrirtækja, SUT, sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, undirbúa nú gerð námsefnis í þekkingarverðmætum, sem talið er að muni nýtast öllum iðngreinum.

„Á síðasta ári lauk rúmlega tveggja ára norrænu þekkingarverðmætaverkefni sem kallast PIP (Putting IC into Practice) og tók þar þátt 21 fyrirtæki frá Norðurlöndunum. Fyrirtækin unnu skipulega að því að gera skýrslur um þekkingarverðmæti sín og hvernig mætti nýta þau til að skapa verðmæti,“ segir Eggert Claessen, formaður SUT.

„Eftir að verkefninu lauk var ákveðið að samtök upplýsingafyrirtækja í hverju landi sæju um framhaldið. Við kynntum málið fyrir stjórn Samtaka iðnaðarins og sýndum hvernig það myndi nýtast fleiri iðngreinum en upplýsingatækniöðunum.“

Í framhaldi sóttu samtökin meðal annars um styrk í námsgagnasjóð Samtaka iðnaðarins, með það að markmiði að undirbúa kennsluhefti til notkunar í fræðslusetrinu Íðunni. Vonast Eggert til þess að að með þessu geti menn nálgast efnið fyrirhafn-

arlaust og það orðið þeim til framdráttar.

Hann segir áriðandi að almenningur átti sig á því hversu mikilvæg þekkingarverðmæti séu og eins að allir geti nýtt þau, ekki aðeins stór fyrirtæki heldur einnig þau minni.

„Inn á það er farið í heftinu og eins hvað þekkingarverðmæti eru,“ útskýrir Eggert. „Þetta eru þau verðmæti sem yfirleitt er ekki að finna í efnahagsreikningi fyrirtækja og samanstanda af þremur meginþáttum, sem ég kalla fólk, ferla og tengsl. Yfirleitt er talað um mannauð, skipulagsauð og tengslaauð.“

Hann segir að með mannauði sé átt við þá þekkingu, annað hvort staðreynda- eða verkþekkingu, sem búi í vitund manna og reynt sé að fanga með ýmsu móti í skipulagsauð, enda eigi fyrirtækin ekki starfsmenn sína.

Eins sé reynt að formgera tengsl við viðskiptavini eða aðra hagsmunaaðila utan fyrirtækisins, með samningum eða ímyndarvinnu, til dæmis auglýsingum.

„Fyrirtæki þarf að búa sér til sérstöðu, sem skapar því samkeppnisforskot. Þekkingarverðmætin hjálpa þarna til og þau eru í eðli sínu tvenns konar. Annað hvort er erfitt að fjölfalda verðmætin eða auðvelt,“ segir Eggert

og nefnir dæmi þar sem ekki er hægt að láta verðmætin af hendi nema starfsmaðurinn fylgi og svo þegar það er auðvelt eins og þegar Björk syngur inn á plötu.

„Söngurinn er þekkingarverðmæti sem margir vilja kaupa. Það er stofnkostnaður við hljóðritun, en framleiðslukostnaðurinn við hvern geisladisk lítill þannig að þegar búið er að selja fyrir stofnkostnaðinum er fjárhagslegur ávinningur mikill. Það kostar ekkert meira að syngja inn á milljón eintök af plötunni en fyrsta eintakið.“

Eggert bendir á að oft séu lítil eða meðalstór fyrirtæki ekki í þeirri aðstöðu að geta nýtt sér þekkingarverðmæti sín. Til þess séu þau of upptekin við að berjast fyrir daglegri tilvist sinni. Stóru fyrirtækin hafi því forskot. Þekkingarverðmæti eigi hins vegar fullt erindi til allra eins og áður sagði.

Þetta er að hans sögn ein ástæðan fyrir útgáfu heftisins og námskeiðs, sem verið er að setja saman og stefnt er að því að kenna það í Íðunni. „Við erum að vinna efni úr loka-skýrslu PIP-verkefnisins ásamt öðrum upplýsingum sem við höfum viðað að okkur. Náms-efnið verður til upp úr áramótum og vonandi náum við kynna það sem fyrst eftir það.“



Eggert telur að þekkingarverðmæti eigi fullt erindi til allra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Allar gerðir af kerrum Allir hlutir til kerrusmíða



Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla.



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is)



Vilt þú

# auka framleiðni og bæta afkomu fyrirtækisins?

## Áfangaskipt gæðavottun SI

Samtök iðnaðarins í samvinnu við Iðuna - fræðslusetur, kynna nýja og aðgengilega aðferð til að bæta rekstur fyrirtækja.

Aðferðin byggist á áfangaskiptum aðgerðum sem miða að því að gera upplýsingar um alla rekstrarþætti aðgengilegar og tryggja að þær séu nýttar til að bæta reksturinn.

Áfangarnir eru fjórir og miða að því að bæta hvaðeina í skipulagi og rekstri sem hefur áhrif á framleiðni og afkomu fyrirtækja. Veitt verður gæðavottun fyrir hvern áfanga sem fyrirtækið getur strax nýtt í kynningarskyni.

Með þessari nýju aðferð er komið til móts við þarfir fjölmargra aðildarfyrirtækja SI sem vilja bæta rekstur sinn markvisst skref fyrir skref. Þótt fyrirtæki kjósi að taka aðeins fyrstu eitt eða tvö

þrepin hafa þau þá þegar í mörgum tilvikum gert umtalsverðar úrbætur fyrir sig og viðskiptavinum sína. Afraksturinn kemur fljótlega í ljós með aukinni framleiðni, betri framleiðslu og þjónustu.

## Nánari upplýsingar

Að baki kröfum hvers þreps eru skilgreiningar sem lýst er nánar á vefsetri SI; [www.si.is/gsi](http://www.si.is/gsi) Þar eru stuttar lýsingar sem hver stjórnandi getur borið saman við stöðu mála í sínu fyrirtæki.




## Eitt símtal og ferðin er hafin

Öll fyrirtæki, sem eiga aðild að SI geta í fyrstu lotu óskað eftir úttekt á því hvort þau standast kröfur D-vottunar. Síðan taka þau næstu þrep upp á við - eftir því sem við á. Ekki þarf annað en að hafa samband við SI og panta slíka úttekt í síma 591 0100.



Frá stjórnleysi



til umbreytingar



og vaxtar

# SI

Samtök iðnaðarins

# Úr fatahönnun í framsækna grafík



Tískuhönnuðurinn Linda Björg Árnadóttir hefur snúið blaðinu við með heimilislínu sem hún kynnti á sýningunni Hönnun + heimili 2007. Línan verður til sölu í stækkaðri verslun EPAL sem verður opnuð á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er ekki á hverjum degi sem farsælir tískuhönnuðir söðla um og hefja hönnun og framleiðslu á heimilislínu. Það ákvað Linda Björg Árnadóttir hins vegar að gera enda segir hún að sér líði sjaldan betur en þegar hún hafi mörg járn í eldinum.

„Ég hef verið að vinna með textíl og munsturgerð og alltaf langað að gera grafíska línu; textíl sem er nútímalegri en áður hefur sést. Ég hafði sótt fjölda vörusýninga og flest var hefandi, í svona Lauru Ashley-stíl. Ekki var mikið af nýjungum eða nýrri grafík. Þess vegna fór ég út í að gera framsækna grafík.“

Þetta segir tískuhönnuðurinn Linda Björg Árnadóttir um heimilislínu sem hún hefur sent frá sér eftir að hafa starfað við tískuhönnun síðastliðin tólf ár. Á þeim tíma hefur hún unnið fyrir þekkt fyrirtæki á borð við Anna Molinari og Martine Sitbon og starfað með tónlistarmönnum eins og Björk Guðmundsdóttur og meðlimum Sigur

Rósar. Er þá fátt upptalið.

Þótt segja megi að heimilislínan marki upphaf á nýju skeiði á ferli hönnuðarinnar vill hún sjálf sem minnst úr breytingunni gera. „Í raun er þetta framhald á því sem ég var að gera, þar sem ég lærði textílgerð við Mynd- og handmenntaskóla Íslands og fatahönnun eftir það. Þarna er ég áfram að vinna í munsturgerð.“

Hún viðurkennir þó að viss munur sé á hönnunar- og framleiðsluferlinu í kringum fatahönnun annars vegar og hönnun heimilislínu hins vegar. „Á meðan maður þarf til dæmis að senda frá sér nýja fatalínu á sex mánaða fresti getur maður haldið sumum hlutum í heimilislínunni inni næstu árin. Framleiðslan á heimilislínunni er auðveldari í alla staði.“

Linda segir þetta fyrirkomulag henta sér vel þar sem hún sé önnur kafin í starfi sínu sem fagstjóri við fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands. „Ég er í því, þessu og kem til með að gera áfram sýningarflukur. Mér finnst bara miklu skemmtilegra að hafa mörg járn í eldinum í staðinn fyrir að vera á kafi í einhverju einu.“



Ofið ullarteppi eftir Lindu Björg Árnadóttur sem sýnir þá framsæknu grafík sem hún leitast við að skapa.

BRIGGS & STRATTON

Akralind 4 201 Kópavogur

MHG  
VERSLUN

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@unipg.is

**Leysir af hólmi K650 og K700**

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurdd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvæðala fyrir Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli BAS

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurddýpt 10 cm  
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurddýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurdd. 14,5 cm.


Partner K3600 / Þyngd 11,2 kg / Skurddýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurdd. 26,8 cm.

Skurðvagnur

DIMAS hand - kjarnaveritár  
DIMAS hringsagabíld  
DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsagabíld  
DIMAS kjarnabærstúdur  
DIMAS kjarnabær

**PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD**  
The smart way. **DIMAS**



# 130 m á hæð

*„GP kranar eiga á annan tug bílakrafa af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“*

**Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP kрана**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**



**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500

# Út úr nýsköpunarskápnnum

**Kvenn, eða Konur í nýsköpun, er félag sem var stofnað fyrir á árinu en markmið þess er að vinna að eflingu og sýnileika nýskapandi kvenna á Íslandi.**

„Okkar meginmarkmið er búa til tenglanet kvenna sem stunda nýsköpun, gera konur sýnilegri og hjálpa þeim að tengjast erlendum félögum,“ segir Elínóra Inga Sigurðardóttir, formaður félagsins Kvenn, sem var stofnað 11. júlí á þessu ári. Elínóra gegndi áður stöðu formanns Landssambands hugvitsmanna.

Á þriðja tug meðlima er í félaginu og fer þeim fjölgandi, sem Elínóra þykir sýna nauðsyn félags af þessu tagi. „Nýsköpun yfirhöfuð á svolítið erfitt uppdráttar á Íslandi. Það ríkir einhver tregða gagnvart breytingum, reyndar ekki bara hér heldur víðar,“ segir hún. „Ekki er síður nauðsynlegt að starfrækja sérstakt félag fyrir konur, enda ákveðinn munur á kynjunum. Við hugsum öðruvísi og sjáum ólík tækifæri.“

Máli sínu til stuðnings bend-

ir Elínóra á grundvallarmun á nýsköpun karla og kvenna. „Stundum er talað um uppfinningar kvenna sem mjúkar uppfinningar en þá er átt við að þær séu kannski ekki eins tæknilegar, og að einhverju leyti einfaldari en uppfinningar karla. Það þýðir þó ekki að þær eigi eitthvað síður heima á markaðnum.“

Elínóra segir gifstappann sem Guðrún Guðrúnardóttir hannaði á sínum tíma, og hefur hafið framleiðslu á, vera gott dæmi um slíkt. „Þetta er snilldarlausn til viðgerða á gifsí, steini og spæni. Margir urðu hissa og spurðu hvort þetta væri ekki þegar til. Það einkennir oft nýsköpun kvenna. Þær geta komið með svo handhægar lausnir að oft velta menn fyrir sér af hverju enginn hafi fundið upp á þeim fyrir.“

Óhætt er að segja að starf félagsins hafi einkennst af miklum krafti og samstöðu meðal meðlima. Fram undan hjá félaginu eru síðan ýmis verkefni, meðal annars kynningarherferð í helstu háskólum landsins.

„Við ætlum að kynna félagið og



Elínóra til hægri, ásamt Guðrúnu Guðrúnardóttur. Hún segir ekki hallað á hlut karla með stofnun kvennafélags í nýsköpun. Þvert á móti sé það hvatning fyrir komandi kynslóðir, þar sem nýskapandi mæður smíti börn sín af áhuganum eins og feður.

FRETTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


okkur sjálfar svolítið á persónulegu nótunum,“ útskýrir Elínóra. „Hvað varð til þess að við stofnuðum félagið, hvaða vandamál við töldum okkur geta leyst, hvaða

tækifæri við sáum með þessari hugmynd og hvar við erum staddir í dag. Þetta er tilvalið fyrir konur sem ganga með hugmynd í maganum og vilja hrinda henni

í framkvæmd. Það hefur sýnt sig að það gerist hraðar ef maður á í góðu samstarfi við aðra. Nú er tækifæri fyrir konur að koma út úr nýsköpunarskápnnum.“

## Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.



Reykjalundur  
Fastiðnaður

dælur

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600  
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700  
Lónsbakki 2 – 601 Akureyri – 460 1760



Háskólaprentsmiðjan í Oxford.

● **ÁHUGAVERÐUR HÁDEGISFYRIRLESTUR** verður haldinn 9. nóvember næstkomandi. Hann heldur George Thomas, forstjóri Oxford University Press, sem hefur náð undraverðum árangri í rekstri prentsmiðju fyrirtækisins. Hann hefur meðal annars aukið hagnað um 58 prósent og sölu um 33 prósent á sama tíma og starfsmannafjöldi hefur eingöngu vaxið um fjögur prósent. Þá hefur hann náð miklum árangri í ráðningum starfsmanna og lækkað starfsmannaveltu niður í fjögur prósent.

George heldur hádegisfyrirlestur kl. 12.00 í Bláa sal HR í Kringlunni (gamla Morgunblaðshúsinu). Þá mun hann einnig halda málstofur um að ráða rétta fólkið og hvernig staðið skuli að söluaukningu.

### ● HEIMSPING KVENNA Í ATVINNUREKSTRI

Heimsping FCEM, alþjóðlegs félags kvenna í atvinnurekstri, verður haldið í Kaíró í Egyptalandi dagana 24.-28. nóvember. Félag kvenna í atvinnurekstri FKA er aðili að FCEM og býðst því konum í félaginu tækifæri til að kynna heimspinginu af eigin raun.



Þing FCEM verður haldið í Kaíró.

Dagskráin verður með áherslu á að styrkja konur í atvinnurekstri með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki, skilgreina hlutverk viðskiptakonunnar í efnahags- og samfélagsþróun og skapa tækifæri til tengslamyndunar og nýrra viðskiptasambanda. Boðið verður upp á aðstöðu fyrir konur til að kynna fyrirtæki sín og vörur. Eftir þingið gefst þátttakendum kostur á að framlengja dvölina og skoða menningarundur Egyptalands í skemmtilegum hópi.

Nánari upplýsingar á [www.fka.is](http://www.fka.is)



## KERTO LÍMTRÉ

**Finnsk gæðavara**

**Létt og meðfærileg**

**Hátt brunapól**

**Hæð eftir óskum**

**Lengd allt að 23 m.**

**Alltaf til á lager**

**16% meira eldþol**

**20% meira brotþol**



Söluaðilar um allt land



### **KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.**

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

# LENGDU SUMARIÐ ...

SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- FALLEGT ÚTLIT
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfriar sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

